


ÁRSSKÝRSLA SAMTAKANNA '78
2019-2020





PISTILL FORMANNS	4
PISTILL FRAMKVÆMDASTJÓRA	5
VIÐBURÐAANNÁLL	6
ALMENNT FÉLAGSSTARF	8
Aðalfundur	
Félagsfundir	
Stjórn	
Trúnaðarráð og hagsmunaráð	
Fundir stjórnar, trúnaðarráðs og hagsmunaráðs	
Félagslegir skoðunarmenn reikninga	
Starfshópar og nefndir Samtakanna '78	
Ráðgjafahópur	
Starfshópur aðgerðaráætlunar gegn ofbeldi	
Starfshópur um hinsegin ungmenni	
Starfshópar og nefndir með aðkomu Samtakanna '78	
Starfshópur um málefni barna með ódæmigerð kyneinkenni	
Starfshópur um lagabreytingar í kjölfar kynræns sjálfræðis	
Nefnd um breytingar á skráðu kyni	
HAGSMUNAFÉLÖG	12
Trans Ísland	
Hinsegin dagar	
Íþróttafélagið Styrmir	
Hinsegin kórinn	
Q - félag hinsegin stúdenta	
Trans vinir	
BDSM á Íslandi	
Intersex Ísland	
Ásar á Íslandi	
Hinsegin Norðurland	
FJÁRMÁL, REKSTUR, ÚTGÁFA OG UPPLÝSINGAMÁL	16
Samtökin '78 á fjárlögum	
Þjónustusamningar	
Þjónustusamningur við Forsætisráðuneyti	
Þjónustusamningur við Reykjavíkurborg og aukastyrkur	
Samningur við Hafnarfjarðarkaupstað	
Samningur við Velferðarráðuneyti vegna komu flóttafólks	
Styrkir velunnara	
Samstarf við fyrirtæki	
Regnbogavinir Samtakanna '78	
Komandi rekstrarár	
Skrifstofa og starfsfólk	
Húsnæðismál	
Upplýsinga-og kynningarmál	
Heimasíða	
Facebook	
Instagram	
Þarfagreining Samtakanna '78	
Útgáfuverkefni	
Rainbow Iceland	
Hvað er hinsegin	

Félagatal
Ég styð réttindi trans og intersex fólks
Samstarf með Amnesty International

ALPJÓÐAMÁL	22
Regnbogakort ILGA-Europe	
Ársþing ILGA-Europe	
Efling norræns samstarfs	
Mótmæli gegn opinberri heimsókn varaforseta Bandaríkjanna	
RÁÐGJAFAPJÓNUSTA OG LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF	23
Almennt um ráðgjafapjónustuna	
Markmið með þjónustunni	
Ráðgjafateymi	
Almennt um notendur þjónustunnar	
Skjólstæðingar ársins 2019	
Stuðningshópar	
Lögfræðiráðgjöf	
Önnur verkefni	
Þróun núverandi þjónustu og ut anumhald	
Framtíð ráðgjafapjónustunnar	
FRÆÐSLUSTARF	28
Almennt um fræðsluna	
Hinsegin fræðsla	
Fræðsla til fagstétta	
Kynjaþing	
Vísindaferðir Q - félag hinsegin stúdenta og Samtakanna '78	
Hinsegin frá Ö til A	
Samstarf við ÍSÍ	
Þjónustusamningar	
Tölulegar upplýsingar	
Framtíð fræðslunnar	
ALPJÓÐLEG VERND OG FLÓTTAFÓLK	31
Flóttafólk frá Kenía	
Þjónusta fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd	
LÝÐHEILSA	32
HIV og PrEP	
Blóðgjafir MSM	
Hinsegin heimilisofbeldi	
Fríar kynlífs- og túrvörur	
MENNING OG VIÐBURÐIR	35
Gallerí 78	
Hinsegin myndlistarsýningar og fyrirlestrar	
Utan sviga: Myndlist og Samtökin '78	
Regnbogabraut: Falin saga í 1200 ár	
Opinberir fyrirlestrar um hinsegin myndlist á árinu	
Samtökin á Hinsegin dögum	
Þátttaka í dagskrá	
Gleðigangan	
Jólabingó	
Starfsemi í Regnbogasal	

Jólaglögg og bókmenntaspjall
 Hinsegin fjölskyldumorgnar
 Alþjóðakvöld - International Evenings
 Regnbogaþráðurinn
 Reykjavíkurmaraþonið
 Huldukonur
 Svona fólk - heimildapáttaröð
 Trans börn - heimildapáttaröð
 Minningardagur trans fólks
 Átak og minningardagur um intersex fólk
 Guðrún Ögmundsdóttir sæmd heiðursmerki
 Stonewall 50 ára
 Trans til framtíðar

ATBURÐIR 39

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin fjarlægir trans af lista geðsjúkdóma
 Guðrún Ögmundsdóttir látin
 Þórir Björnsson látinn
 Hinsegin Austurland stofnað
 Handtaka á Hinsegin dögum
 Homma neitað um inngöngu á skemmtistað
 Ghetto Hooligans syngja níðsöng um homma
 Transteymi BUGL lagt niður
 Hinsegin þar ávítt í Grafarvogslaug
 Hámarksgeymslutími kynfruma lengdur
 Íslendingar jákvæðastir þjóða gagnvart hinsegin fólki
 Ugly Stefanía á árlegum lista BBC yfir áhrifamestu konur heims
 Hinsegin dagar 20 ára
 Skólavörðustígur málaður regnbogalitum varanlega
 Könnun um hinsegin fólk og atvinnulífið á vegum Hinsegin daga

RÉTTINDABARÁTTA OG LÖGGJÖF 42

Almennt um réttindabaráttuna á Íslandi
 Umsagnir um frumvörp, reglugerðir og tillögur
 Yfirlýsingar
 Yfirlýsing og áskorun vegna ástandsins í Póllandi
 Yfirlýsing vegna nýsamþykkra laga um kynrænt sjálfræði
 Lög um kynrænt sjálfræði
 Aðild að Mannréttindaskrifstofu Íslands
 Greinaskrif
 Svona fólk og Samtökin '78
 Við erum regnboginn
 Sýndu stuðning í verki - Vertu Regnbogavinur!
 Þórir þú að standa með okkur?
 Börnin sem hafa ekki rödd
 Höldum áfram með samtalið

HINSEGIN FÉLAGSMIÐSTÖÐ SAMTAKANNA '78 OG TJARNARINNAR 46

Almennt um Hinsegin félagsmiðstöðina
 Starfið og þátttaka
 Dagskrá og aðrir viðburðir
 Hinsegin fyrirmyndir
 Aðild að Samfés
 Hinsegin ball

PISTILL FORMANNS

Kæra félagsfólk,

Síðasta starfsár hefur svo sannarlega verið viðburðaríkt. Samtökin '78 hafa vaxið áfram og aldrei hefur fleira fólk notið stuðnings samtakanna. Ráðgjafatímum og stuðningshópum hefur aftur fjölgað mikið milli ára, en nú starfa sex ráðgjafar hjá Samtökunum og 75% aukning varð á einstökum ráðgjafatímum. Aðsókn í félagsmiðstöð Samtakanna '78 og Tjarnarinnar hefur aldrei verið meiri en nú og mæta nú allt að 100 ungmenni á hverja opnun. Þá hafa um sex þúsund manns hafa fengið fræðslu á vegum Samtakanna '78 á starfsárinu. Við höfum einnig lagt okkur fram við að bjóða upp á fjölbreytta viðburði fyrir félagsfólk og sett meira púður í bæði félagsfundum og aðalfund.

Við höfum á árinu stigið nokkur skref í átt að aukinni fagvæðingu félagsins, t.a.m. með því að samþykkja aðgerðaráætlun gegn ofbeldi og nýja sjálfbodaðastefnu. Þetta er vinna sem ég tel að muni gagnast okkur afar vel nú þegar Samtökin '78 eru í fyrsta sinn komin á fjárlög og áframhaldandi vöxtur er í kortunum.

Á sama tíma höfum við sinnt hagsmunabaráttu af fullum krafti, skrifað umsagnir um lagafrumvörp, setið í nefndum á vegum hins opinbera, skrifað blaðagreinar, farið í viðtöl, mótmælt óréttlæti og talað fyrir breytingum. Barátta Samtakanna '78 átti stóran þátt í því að á síðasta ári voru sett lög um kynrænt sjálfræði. Lögin voru mikil réttarbót fyrir trans og intersex fólk og samþykkt þeirra var hápunktur ársins í réttindabaráttu hinsegin fólks. Við megum vera ákaflega stolt af okkar framlagi. Við hefðum gjarnan viljað lögfesta líkamlega friðhelgi intersex barna einnig, en höldum ótrauð áfram. Það sem mér finnst mest um vert er þó að andinn innan Samtakanna '78 á starfsárinu hefur einkennst af jákvæðni, frjórri hugsun og baráttugleði. Mér finnst árið sýna að við erum langöflugust þegar við vinnum saman og enn öflugri þegar það er skemmtilegt.

Þakka ykkur öllum innilega fyrir árið og gleðilegan aðalfund!

Ykkar,
Þorbjörg

Kæru félagar,

Starfsárið sem nú líður hefur verið ákaflega blómlegt fyrir Samtökin '78. Við höfum náð að styrkja rekstur okkar svo um munar, ásamt því að geta boðið upp á framúrskarandi og faglega þjónustu í formi ráðgjafar, fræðslu og félagsmiðstöðvar. Það er vandfundið að finna sjálfboðaliða og stuðningsaðila líkt og þau sem eru innan Samtakanna, en þetta er allt fólk sem er tilbúið til að vinna að stefnumálum Samtakanna '78 af heilindum, dyggð og örlæti. Ykkur er það að þakka að Samtökin standa sterk og eru sífellt að byggja sig upp.

Þó verður að viðurkenna að svo örum vexti fylgir gjarnan verkir og höfum við starfsfólk ásamt stjórn reynt eftir fremsta megni að fara yfir ferla, starfsreglur og áætlanir til þess að bregðast við því sem berst inn á borð Samtakanna á hverjum degi. Það verk er ekkert lítilræði því þau mál sem Samtökin takast á við eru jafnfjölbreytt og þau eru mörg. Litir regnbogans eru nefnilega fjölmargir og þar af leiðandi málin einnig.

Í þessari ársskýrslu má sjá að umfang verkefnanna margfaldast á milli starfsára á sama tíma og samningar við hið opinbera standa í stað. Með þessu móti er erfiðara að bregðast við jafnmiklum sveiflum og Samtökin hafa staðið frammi fyrir á síðustu misserum og fjárhagslegur stöðugleiki og traust vantar ennþá. Því höfum við farið þá leið að leita frekar að leiðum til að auka sjálfsaflafé Samtakanna og mögulega að finna vænlega styrktaraðila í fyrirtækjum landsins. Þó ber að nefna að sérstakt framlag til Samtakanna af fjárlögum mun koma sér afar vel, og er það mín von að Alþingi Íslendinga haldi áfram að styðja við bakið á Samtökunum '78.

Ég hlakka til næsta starfsárs, ég hlakka til verkefnanna og ég hlakka til að vinna áfram með ykkur öllum í átt að betra samfélagi fyrir okkur öll.

Daníel E. Arnarsson

VIÐBURÐAANNÁLL

MARS 2019

- 10. mars Þetta er ekki tímabil
- 21. mars Hámhorf á Queer Eye
- 24. mars Að eilífu ástin – bókmenntaklúbbur
- 28. mars Smokkapökkun
- 31. mars Hinsegin fjölskyldumorgun

APRÍL 2019

- 4. apríl Spilakvöld
- 11. apríl Wikithon – help us queer up Wikipedia
- 28. apríl Listaspjall: Laurence Philomene

MAÍ 2019

- 2. maí Spilakvöld
- 4. maí Sýningaropnun – Karlmenntu eru eins og tíglar: Þeir eru fullkomnir
- 6. maí Trans Support Group in English
- 23. maí Ásar á Íslandi
- 25. maí Félagsfundur að vori
- 26. maí Bókmenntaklúbbur

JÚNÍ 20

- 5. júní International Evening
- 6. júní Opið hús tví- og þankynhneigðra
- 13. júní Ógeð – leikverk í vinnslu
- 20. júní Félagsfundur BDSM á Íslandi
- 20. júní Bindingar með BDSM á Íslandi
- 27. júní Spilakvöld
- 28. júní The First Pride was a Riot

JÚLÍ 2019

- 14. júlí Bókmenntaklúbbur

ÁGÚST 2019

- 17. ágúst Samtökin '78 í Gleðigöngunni
- 30. ágúst Skiltasmiðja

SEPTEMBER 2019

- 4. september Partý gegn Pence
- 5. september Ásar á Íslandi
- 8. september Hans Blær – Bókmenntaklúbbur
- 11. september Kynningarfundur um Kynjaping
- 11. september International Evening
- 12. september Innblástur í skóla- og frístundastarf 2019–2020
- 14. september Trans til framtíðar
- 22. september Heiðursmerki Samtakanna '78

OKTÓBER 2019

- 2. október Hvert er mitt hlutverk? Stuðningur við hinsegin börn og ungmenni
- 11. október Sýningaropnun: Allt það besta fyrir þig
- 13. október Bókmenntaklúbbur: Rubyfruit Jungle

15. október	Regnbogabraut: Falin saga sögð með myndlist
17. október	Teboð: Opið hús með Trans Ísland
19. október	Sýningaropnun: Unaður
20. október	Hinsegin fjölskyldumorgun
30. október	International Evening at Curious

NÓVEMBER 2019

2. nóvember	Kjaftað með kennurum
2. nóvember	Kynjaþing
8. nóvember	Minningardagur- og samstöðudagur með intersex fólki
9. nóvember	Félagsfundur
9. nóvember	Samtal kynslóðanna: Hinsegin konur
14. nóvember	Opið hús
21. nóvember	International Evening

DESEMBER 2019

8. desember	Jólabingó
12. desember	International Evening
12. desember	Jólaglögg og bókmenntaspjall
21. desember	Jólastamarkaður Gallerí 78

JANÚAR 2020

6. janúar	Sýningarlokun: Unaður
9. janúar	International Evening
10. janúar	Huldukonur – vefur um hinsegin kynverund
18. janúar	Sjálfboðaliðamatur
19. janúar	BDSM 101
26. janúar	Barnadanspartý

FEBRÚAR 2020

12. febrúar	HIV og PrEP spjall
18. febrúar	Maní á heima hér #2
27. febrúar	Hver er minn réttur?

MARS 2020

6. mars	Happy Hour and Pubquiz
7. mars	Bleikþvottur – Er öll umræða af hinu góða?
7. mars	Hinsegin fólk og heimilisofbeldi
7. mars	Samtal kynslóðanna: Hommaspjallið
8. mars	Aðalfundur 2020

Einnig voru haldnir mánaðarlegir stuðningshópar fyrir sam- og tvíkynhneigða karlmenn, hinsegin konur, trans konur, yngri trans ungmenni, eldri trans ungmenni og aðstandendur trans ungmenna í umsjá ráðgjafa Samtakanna '78. Vikulega voru haldin félagsmiðstöðvarkvöld fyrir hinsegin ungmenni í umsjá Hrefnu Þórarinsdóttur. Annan hvern föstudag héldu Q – félag hinsegin stúdenta í samvinnu við Samtökin '78 vísindaferðir fyrir háskólanema. Einnig eru listsýningar Gallerí 78 opnar alla virka daga á skrifstofutíma Samtakanna '78.

ALMENNT FÉLAGSSTARF

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Samtakanna '78 árið 2019 var haldinn sunnudaginn 3. mars kl. 13:00 í húsnæði Samtakanna að Suðurgötu 3. Fram fóru hefðbundin fundarstörf: kosning nýrrar stjórnar, fjárhagsáætlun kynnt, samþykki á lagabreytingum ásamt kosningu á hagsmunaaðild tveggja nýrra hagsmunafélaga, Ása á Íslandi og Trans vina. Var aðild þeirra samþykkt og bjóðum við þau velkomin undir regnhlíf Samtakanna '78. Fundurinn var túlkaður á íslenskt táknmál.

FÉLAGSFUNDIR

Tveir félagsfundir voru haldnir á starfsárinu. Félagsfundur að vori var haldinn 25. maí 2019 í sal Samtakanna '78. Á fundinum var farið yfir stöðu fjáröflunar, aðgerðaráætlun gegn ofbeldi og helstu verkefni. Eftir fundinn var haldinn gleðskapur.

Félagsfundur að hausti var haldinn 9. nóvember 2019 í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins. Dagskrá fundarins var metnaðarfull og náði yfir almenn fundarstörf þar sem kynnt var fjárhagsáætlun, kjörnefnd aðalfundar skipuð, auk kynningar á þarfagreiningu Samtakanna '78 og starfinu framundan. Eftir almenn fundarstörf var haldinn viðburður sem bar heitið Samtal kynslóðanna – hinsegin konur. Þar komu fram Lana Kolbrún Eddudóttir, Júlía Margrét Einarsdóttir og Sólveig Daðadóttir og deildu reynslu sinni af því að vera hinsegin konur. Vera Illugadóttir stýrði umræðum. Um kvöldið nutu gestir selskapar í húsnæði Samtakanna '78 þar sem Soulflow Comedy hélt uppistand og síðar var haldið í veislu á Geira Smart.

STJÓRN

Stjórn Samtakanna '78 2019–2020 var skipuð eftirfarandi aðilum:

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, *formaður*
Unnsteinn Jóhannsson, *varaformaður*
Bjarnís Helga Tómasdóttir, *ritari*
Sigurður Júlíus Guðmundsson, *gjaldkeri*
Rósanna Andrésdóttir, *alþjóðafulltrúi*
Rúnar Þórir Ingólfsson, *meðstjórnandi*
Marion Lerner, *meðstjórnandi*

Stjórn var kjörin á aðalfundi þann 3. mars 2019. Stjórn fundaði formlega 14 sinnum á starfsárinu og hélt einnig ýmsa óformlega vinnufundi. Allar fundargerðir stjórnar má finna á vef Samtakanna '78, www.samtokin78.is.

TRÚNAÐAR- OG HAGSMUNARÁÐ

Trúnaðarráð Samtakanna '78 2019–2020 var skipað eftirfarandi aðilum:

Agnes Jónasdóttir
Anna Eir Guðfínnudóttir, *varaáheyrnarfulltrúi í stjórn*
Bjarnís Helga Tómasdóttir
Edda Sigurðardóttir, *áheyrnarfulltrúi í stjórn*
Einar Þór Jónsson
Elísabet Rákel Sigurðardóttir, *formaður trúnaðarráðs*
Erlingur Sigvaldason
Sigtýr Ægír Kárasón, *varaformaður*
Særós Rannveig Björnsdóttir

Trúnaðarráð hélt einn löglegan fund á starfsárinu. Fundargerð löglegs fundar trúnaðarráðs er aðgengileg á vef Samtakanna '78.

Hagsmunafélög Samtakanna '78 mega skipa allt að tvo fulltrúa hvert til að taka sæti í hagsmunaráði og hafa rétt til fundarsetu á öllum fundum trúnaðarráðs.

Hagsmunafélög starfsárið 2019–2020 og fulltrúar þeirra voru:

Þorbjörg Bergmann fyrir Ása á Íslandi
 Kitty Anderson / Bríet Finnsdóttir fyrir Intersex Ísland
 Birna Björg Guðmundsdóttir fyrir Trans vini
 Logn Draumland fyrir Trans Ísland
 Þórir Jóhannesson fyrir BDSM á Íslandi
 Anna Eir Guðfinnudóttir fyrir Hinsegin daga

FUNDIR STJÓRNAR, TRÚNAÐARRÁÐS OG HAGSMUNARÁÐS

Á starfsárinu voru haldnir þrjú lögbundnir sameiginlegir fundir stjórnar, trúnaðarráðs og hagsmunaráðs. Fóru þeir fram þann 2. maí 2019, 7. október 2019 og 18. janúar 2020.

FÉLAGSLEGIR SKOÐUNARMENN REIKNINGA

Sigurjón Guðmundsson og Vilhjálmur Vilhjálmsson gegndu hlutverkum félagslegra skoðunarmanna reikninga starfsárið 2019–2020. Hafa þeir undirritað ársreikninga ársins 2019.

STARFSHÓPAR OG NEFNDIR INNAN SAMTAKANNA '78

Nokkrar nefndir og starfshópar hafa starfað á vegum félagsins á árinu. Starfshópar og nefndir eru misvirk frá einum tíma til annars. Sumir eru skipaðir um ákveðin tímabundin verkefni á meðan aðrir eru varanlegri. Nefndir og starfshópar félagsins hafa sameiginleg vinnusvæði í Facebook-hópum og hittast meðlimir þeirra í eigin persónu eftir þörfum.

Eftirfarandi starfshópar og nefndir voru starfandi starfsárið 2019–2020:

RÁÐGJAFAHÓPUR

Starfandi er lokaður vettvangur á Facebook fyrir ráðgjafahóp félagsins þar sem þau geta rætt starfið og verið í beinu sambandi við framkvæmdastjóra, formann og skrifstofustýru félagsins. Hópurinn er lokaður þar sem um faglegt og viðkvæmt starf er að ræða. Hins vegar er félögum velkomið að leggja hópnum til góðar hugmyndir og bjóða fram krafta í formi fagþekkingar. Hópurinn tekur afstöðu til hugmynda og ef svo ber undir, hvort þau telji æskilegt að bæta við fleiri ráðgjöfum. Hópurinn er einn helsti vettvangur til mótunar ráðgjafarstarfsins, en einnig notast þau mikið við tölvupóstsamskipti.

STARFSHÓPUR AÐGERÐARÁÆTLUNAR GEGN OFBELDI

Aðalfundur Samtakanna '78 sem haldinn var í mars 2018 samþykkti siðareglur Samtakanna. Í siðareglunum er gert ráð fyrir því að fylgja aðgerðaráætlun gegn ofbeldi. Vinna við aðgerðaráætlunina hófst í nóvember 2018 en þá var óskað eftir fulltrúum til að skipa hóp um aðgerðaráætlun gegn ofbeldi (HAGO). Aðgerðaráætlunin var kynnt á félagsfundi 25. maí 2019 og kallað

eftir athugasemdum. Hún var síðar samþykkt á félagsfundi 9. nóvember 2019. Samkvæmt aðgerðaráætluninni ber Samtökunum að starfrækja fagráð, en stjórn skipaði í fagráðið stuttu eftir félagsfund og hafa þau unnið að verklagsreglum og ferlum. Fagráðið skipa: Hafdís Inga Hinriksdóttir, Hjálmar Gunnar Sigmarsson og Arnrún Sveinsdóttir.

STARFSHÓPUR UM HINSEGIN UNGMENNI

Starfshópur ungliða var stofnaður snemma 2020 og hefur sem markmið að þarfagreina núverandi úrræði sérsniðið að hinsegin börnum og ungmennum, móta stefnu barna og ungmenna með áherslu á örugg rými, stuðla að fleirum og sem bestu úrræðum fyrir hinsegin börn og ungmenni.

Hópurinn tekur til starfa í byrjun árs 2020 og verða fyrstu verkefni hópsins að þarfagreina bæði þarfir barna og ungmenna og að gera úttekt á núverandi úrræðum sem samtökin hafa undir sinni regnhlíf. Starfshópur vonar að móta stefnu barna og ungmenna í sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins með skýrslu starfshópsins að leiðarljósi.

STARFSHÓPAR MEÐ AÐKOMU SAMTAKANNA '78

STARFSHÓPUR UM MÁLEFNI BARNNA MEÐ ÓDÆMIGERÐ KYNEINKENNI

Í kjölfar samþykkis kynræns sjálfræðis var stofnaður starfshópur um málefni barna sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni. Umræðuefni hópsins eru heilbrigðisþjónusta og tillögur um úrbætur. Jafnframt skal hópurinn semja frumvarp til laga um breytingar á lögum um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019, sem feli í sér að bætt verði við lögum ákvæði sem fjallar um breytingar á kyneinkennum barna sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni.

Starfshópurinn skipa:

Lára Björnsdóttir, *formaður*
Guðríður Bolladóttir, *lögfræðingur með sérþekkingu á réttindamálum barna*
Kári Hólmar Ragnarsson, *lögfræðingur með sérþekkingu á mannréttindum*
Kitty Anderson, *tilnefnd af Intersex Ísland*
Kristján Óskarsson, *barnaskurðlæknir*
Daníel E. Arnarsson, *tilnefndur af Samtökunum '78*
Páll Rafnar Þorsteinsson, *siðfræðingur*
Ragnar Bjarnason, *barnainnkirtlalæknir*
Sigríður Snorradóttir, *barnasálfræðingur*
Svandís Anna Sigurðardóttir, *kynjafræðingur*

STARFSHÓPUR UM LAGABREYTINGAR Í KJÖLFAR KYNRÆNS SJÁLFRÆÐIS

Annar starfshópur sem komið var á legg í kjölfar kynræns sjálfræðis fjallar um lagabreytingar á öðrum lögum sem nauðsynlegar eru til að tryggja réttindi trans fólks og intersex fólks. Þar á meðal eru barnalögin, nr. 76/2003, lög um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, nr. 55/1996, svo og reglum um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga vegna aðgerða sem tengjast kynleiðréttingu. Enn fremur er starfshópurinn, m.a. í samvinnu við Barnaverndarstofu, umboðsmann barna og hagsmunasamtök hinsegin

fólks, ætlað að endurskoða aldursviðmið til lækkunar vegna réttar til að breyta skráningu kyns.

Aðalmenn:

Aagot Vigdís Óskarsdóttir, *formaður*

Kristín Ninja Guðmundsdóttir, *tilnefnd af heilbrigðisráðuneyti*

Linda Rós Alfreðsdóttir, *tilnefnd af félagsmálaráðuneyti*

Skúli Þór Gunnsteinsson, *tilnefndur af samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti*

Svanhildur Þorbjörnsdóttir, *tilnefnd af dómsmálaráðuneyti*

NEFND UM BREYTINGAR Á SKRÁÐU KYNI

Vegna kynræns sjálfræðis skipaði forsætisráðherra nefnd á grundvelli 9. gr. laganna sem fjalla mun um ósk barns um breytingu á skráðu kyni sínu ef það nýttur ekki stuðnings forsjáraðila sinna, annars eða beggja, til að breyta opinberri skráningu kyns síns, sbr. 3. mgr. 5. gr. laganna. Skipunartími er frá 14. október 2019 til næstu fjögurra ára.

Nefndina skipa:

Aðalmenn:

Aldís Þorbjörg Ólafsdóttir, *tilnefnd af Sálfræðingafélagi Íslands*

Elísabet Gísladóttir, *tilnefnd af dómsmálaráðherra*

Ragnar Bjarnason, *tilnefndur af Embætti landlæknis*

Varamenn:

Svanhildur Þorbjörnsdóttir, *tilnefnd af dómsmálaráðherra*

Soffía Guðrún Jónasdóttir, *tilnefnd af Embætti landlæknis*

TRANS ÍSLAND

Trans Ísland var stofnað 15. febrúar 2007 og hefur verið starfrækt síðan þá. Félagið eru stuðnings- og baráttusamtök fyrir trans fólk á Íslandi og hefur í gegnum tíðina verið helsti málsvari trans fólks á Íslandi. Félagið hefur átt lykilkþátt í því að bæta hag trans fólks hér á landi, meðal annars með því að beita sér fyrir bættri heilbrigðisþjónustu, fræðslu, lagabreytingum og almennri vitundarvakningu.

Á starfsárinu beitti Trans Ísland sér sérstaklega fyrir framfylgni laga um kynrænt sjálfræði sem samþykkt voru í júlí 2019, en frumvarpið á sér langa sögu og rætur að rekja til grasrótar Trans Íslands og Intersex Íslands. Trans Ísland fagnaði því þeim áfanga sem náðist, en eru sömuleiðis gagnrýnin á ýmsar breytingar sem áttu sér stað í ferlinu innan þingsins, þá sérstaklega hækkun aldurstakmarks frá 15 ára í 18 ára fyrir lagalega nafna- og kynskrárbreytingu, breytingar á samsetningu teymis Landspítala og þess að tekið væri út lögbundið samráð við hagsmunafélag við gerð verklagsreglna. Trans Ísland mótmælti einnig harðlega að grein er snéri að líkamlegri friðhelgi væri tekið út og sett í nefnd, en út frá sjónarmiðum Trans Íslands átti að tryggja líkamlega friðhelgi intersex fólks tafarlaust.

Í kjölfar frumvarpsins hefur Trans Ísland, í samstarfi við Samtökin '78, sinnt ákveðnu eftirlitshlutverki og fylgt eftir ýmsum málum í tengslum við frumvarpið og áhrif þess. Trans Ísland hefur því fundað með ýmsum aðilum á starfsárinu um stöðu trans fólks, þ.á.m. Fangelsismálastofnun, Kvennaathvarfinu, Bjarkarhlíð, Konukoti og nefndum innan Alþingis sem starfa í kjölfarið frumvarpsins hvað varðar lagabreytingar á öðrum lögum. Einnig situr fulltrúi frá Trans Ísland í nefnd hjá Íþróttasambandi Íslands sem hefur unnið hörðum höndum af bæklingi er varðar þátttöku trans barna og ungmenna að íþróttastarfi.

Trans Ísland hefur einnig unnið að upplýsinga bæklingi um þriðju kynskráninguna í samstarfi við Samtökin '78, sem gefin verður út til að leiðbeina þjónustuaðilum og fyrirtækjum hvernig sé vænlegast að hafa þeim skráningum. Trans Ísland hlaut styrk frá Minningarsjóði Gunnars Thoroddsen í byrjun árs 2020 fyrir starf sitt í þágu trans fólks á Íslandi og mun styrkurinn nýtast vel í hin ýmsu verkefni sem félagið hyggst leggja á komandi ári. Í febrúar 2020 hlaut Trans Ísland einnig styrk frá Lýðheilsusjóði til að hanna fræðsluefni um trans tengda heilbrigðisþjónustu á Íslandi fyrir trans fólk, sem mun nýtast trans fólki og meðferðaraðilum báðum.

Félagið hefur einnig haldið úti viðburðum yfir árið sem hafa verið sóttir vel og mun félagið halda áfram að byggja upp innviði félagsins og styrkja félagslífið enn frekar.

HINSEGIN DAGAR

Hinsegin dagar halda árlega Hinsegin hátíð í Reykjavík og stuðla með starfsemi sinni að vexti hinsegin menningar og félagslífs í íslensku samfélagi. Hinsegin dagar eru í tengslum við erlendar hreyfingar hinsegin hátíða og eiga í samstarfi við þær. Hinsegin dagar hafa verið opinber borgarhátíð Reykjavíkur og verða áfram 2020–2022.

Hinsegin dagar fögnuðu 20 ára afmæli hátíðarhalda í Reykjavík á síðasta ári. Dagana 4.–9. ágúst 2020 fagna Hinsegin dagar hins vegar 20 ára afmæli Gleðigöngunnar, sem var gengin fyrsta sinn árið 2000.

Nánar á www.hinsegin dagar.is og www.facebook.com/reykjavikpride/

ÍPRÓTTAFÉLAGIÐ STYRMIR

Markmið Styrmis frá stofnun þess árið 2006 hefur verið að bjóða upp á íþróttaiðkun þar sem þátttaka er sett ofar sigri og engum er meinaður aðgangur. Þá vilja félagar vera fyrirmyndir fremur en staðalímyndir og telja að sýnileikinn þjóni mikilvægu forvarnarstarfi. Styrmir hefur náð góðum árangri á ýmsum hinsegin íþróttamótum, m.a. á Outgames 2009 í Kaupmannahöfn, Gay Games 2010 í Köln og IGLA sundmótinu 2012 í Reykjavík en félagið sá um skipulag þess og framkvæmd. Styrmir hefur einnig haldið æfingabúðir og mót fyrir erlend lið við góðan orðstír.

Á haustmánuðum tóku nokkrir félagar sig saman og blésu til fótboltaæfinga í Fífunni. Hafa verið haldnar vikulegar æfingar þar, á sunnudags kvöldum. Þátttaka hefur verið vonum framar og hvetjum við áhugasama að kynna sér æfingartímann á facebook síðu Styrmis.

Styrmir er aðili að Íþróttabandalagi Reykjavíkur og þar með að ÍSÍ og hefur átt gott samstarf við þau félög í gegnum tíðina. Nánar á: www.facebook.com/styrmir.sport

HINSEGIN KÓRINN

Hinsegin kórinn var stofnaður 2011 og hefur síðan vaxið og dafnað. Markmið kórsins er að vera fordómalaus vettvangur fólks til að hittast og njóta söngs saman; vinna að þátttöku hinsegin fólks í menningarlífinu; vera jákvæð fyrirmynd og stuðla að sýnileika hinsegin fólks. Hinsegin kórinn mismunar hvorki á grundvelli kynhneigðar né kynvitundar og er öllum opin að undangengnum raddprófum sem að jafnaði eru haldin við upphaf haust- og vorannar.

Kórinn kemur reglulega fram við ýmis tilefni, m.a. á árlegum jóla- og vortónleikum sínum, Hinsegin dögum og í Regnbogamessu, svo fátt eitt sé nefnt.

Kórinn er blandaður kór sem leggur ríka áherslu á fjölbreytt lagaval, allt frá íslenskum þjóðlögum til erlendra popplaga. Virkir meðlimir kórsins eru um 65 talsins, ólíkir einstaklingar á ýmsum aldri sem eiga það sameiginlegt að elska að syngja og skemmta sér saman.

2019 var viðburðaríkt ár fyrir kórinn en auk árlegra jóla- og vortónleika skellti kórinn sér vestur á firði og heimsótti Hólmavík og Ísafjörð þar sem kórinn hélt tónleika sem gerður var góður rómur að. Á Hinsegin dögum fékk kórinn Rock Creek Singers, sem er hluti hins gríðarstóra Gay Men's Chorus of Washington, í heimsókn til að syngja með sér á sameiginlegum Pride-tónleikum í Hörpu.

Kórstjóri er Helga Margrét Marzellíusardóttir og formaður er Ragnar Veigar Guðmundsson. Nánar á: www.hinseginkorinn.is og www.facebook.com/hinseginkorinn

Q – FÉLAG HINSEGIN STÚDENTA

Q-félagið tekur virkan þátt í umræðu um hinsegin málefni og hefur beitt sér fyrir bættari stöðu hinsegin fólks á Íslandi. Markmið félagsins eru eftirfarandi: að gefa hinsegin stúdentum og ungmennum tækifæri til að hittast, veita þeim stuðning og auka samheldni þeirra; vera sýnilegt þrústiafl innan háskólasamfélagsins og í forsvari þegar málefni hinsegin einstaklinga ber á góma; beita sér fyrir hagsmunum hinsegin fólks bæði innan sem og utan háskólasamfélagsins; stuðla að auknum sýnileika hinsegin hópa í kennsluefni, að aukinni fræðslu, kennslu, umræðu og rannsóknum um hinsegin málefni innan sem flestra deilda háskóla, bæði fyrir nemendur og kennara.

Á starfsárinu hefur Q tekið þátt í Gleðigöngunni, haldið fræðsluerindi á Miðmísserisþingi Menntavísindasviðs HÍ, tekið þátt í Jafnréttisdögum háskólanna þar sem Q stóð fyrir samtvinnaðri kynfræðslu í samstarfi við Jafnréttisnefnd SHÍ og Femínistafélag HÍ. Jafnframt hefur Q boðið uppá margvíslega viðburði eða Q kvöld þar á meðal hinsegin geðfræðslu í samstarfi við Hugrónu. Öll eru velkomin á viðburði Q-félagsins en félagið er sérstaklega ætlað hinsegin stúdentum og þeim sem starfa við háskóla og/eða er á aldrinum 18–30 ára. Þrátt fyrir að vera félag hinsegin stúdenta þá er fólki sem ekki er hinsegin velkomið að taka þátt í starfinu og hvatt til þess. Félaginu er ætlað að vera óþvingaður vettvangur fyrir tengslamyndun, félagslíf og aktívisma.

Q-félagið hefur, í samstarfi við Samtökin '78, staðið fyrir vísindaferðum fyrir nemendafélög innan háskólanna. Vísindaferðir hafa verið mjög vinsælar en rúmlega 15 nemendafélög hafa sótt um að koma í vísindaferð á þessu starfsári.

Q-félagið heldur viðburði 1–2 sinnum í mánuði en allar upplýsingar má finna á Facebook síðu félagsins, www.facebook.com/Qfelag, eða inni á Instagram, @qfelag. Félagið heldur einnig úti heimasíðu, www.queer.is.

TRANS VINIR

Trans vinir voru formlega stofnað þann 14. janúar 2019. Markmið félagsins er að efla félagsleg tengsl á meðal foreldra og forsjáðila trans barna, ungmenna og fullorðinna trans einstaklinga, stuðla að félagslífi fyrir börn og ungmenni sem eru trans eða eru óviss um sína kynvitund, standa fyrir viðburðum fyrir alla félagsmenn og fjölskyldur og taka þátt í Hinsegin dögum. Einnig hefur félagið að markmiði að auka samstöðu og samheldni foreldra/forsjáðila trans einstaklinga og fjölskyldna þeirra og vera vettvangur fyrir foreldra/forsjáðila sem eru að kynnast hinsegin samfélaginu, styrkja barnið sitt og veita þeim stuðning í formi fræðslu og félagsskapar. Að lokum hefur félagið að markmiði að vera þrústytt til að koma málefnum trans barna á framfæri, t.d. hvað varðar stjórnvöld, heilbrigðiskerfið og aðrar stofnanir sem koma að þessum málaflokki.

Á starfsárinu tóku Trans vinir þátt í ýmsum viðburðum og verkefnum. Meðal annars sendu þau inn umsögn vegna frumvarps um kynrænt sjálfræði, fengu fræðslu frá fræðslustýru Samtakanna '78, héldu kaffiboð fyrir trans börn og fjölskyldur þeirra, tóku þátt í Gleðigöngunni með Trans Íslandi og tóku þátt í ráðstefnunni Trans til framtíðar á vegum Samtakanna '78. Trans vinir áttu einnig fulltrúa í vinnuhópi á vegum ÍSÍ vegna umræðu og þróunar bæklinga um íþróttir og trans börn, sem líta mun dagsins ljós á komandi starfsári. Að lokum áttu Trans vinir fulltrúa í vinnuhópi um málefni trans teymisins á BUGL ásamt Samtökum '78, Trans Ísland og Siggju Birnu ráðgjafa hjá Samtökunum 78.

Nánari upplýsingar á hópnum 'Trans vinir' á Facebook eða transvinir@gmail.com

BDSM Á ÍSLANDI

BDSM á Íslandi stóð á nokkrum tímamótum í upphafi árs þar sem formaður félagsins til margra ára, Magnús Hákonarson, ákvað að gefa ekki kost á sér til endurkjörs og Margrét Nilsdóttir var kosin nýr formaður félagsins.

Á vordögum skilaði félagið umsögn um hatursorðræðufrumvarpið svokallaða og tók þar einarða afstöðu með öðrum hinsegin hópum. Ljóst er að hinsegin samfélagið þarf að vera vakandi og standa saman þegar kemur að því að gæta réttarstöðu hinseginfólks.

BDSM varð skyndilega á allra vörum í kjölfar þess að fjöllistahópurinn Hatari vann forkeppni söngvakeppni evrópskra sjónvarpstöðva. Listamennirnir í Hatara sýndu svo stuðning sinn við samfélag BDSM-fólks í verki með því að ganga með félaginu í Gleðigönguni og atriði félagsins hlaut frábærarar viðtökur.

Eitt brýnasta hlutverk félagsins er og verður að fræða bæði eigið félagsfólk og aðra áhugasama. Formaður sat fyrir svörum á Þarfapingi Félags sjálfstætt starfandi sálfræðinga og var vel tekið. Kynfræðinemar í Háskóla Íslands stóðu fyrir fræðslukvöldi og sátu þar m.a. stutta kynningu um BDSM og BDSM-hneigð og hjúkrunarfræðinemar fengu fræðslu í tengslum við námskeið um kynheilbrigði. Fulltrúar félagsins tóku einnig þátt í að fræða tilvonandi hinseginfræðara Samtakanna '78, sem eins og kunnugt er hafa það mikilvæga verkefni að fræða unglunga um hinseginleikann. Mikil gróska var einnig í grasrótastarfinu og má sérstaklega nefna að haldin voru nokkur metnaðarfull og vel sótt námskeið með virtum, erlendum leiðbeinendum.

Þar sem félagið hefur undanfarin ár getað nýtt sér húsnæði Samtakanna '78 til funda- og námskeiðahalda, hefur sá kostnaðarliður nánast horfið úr bókhaldi félagsins og hagur þess vænkast sem því nemur. Í ljósi þess var lögð fram tillaga á Haustfundi félagsins um að styrkja ráðgjafþjónustu Samtakanna '78 um eitthundraðþúsund krónur og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

INTERSEX ÍSLAND

Intersex Ísland var stofnað árið 2014 með því markmiði að auka meðvitund um málefni fólks sem fæðist með ódæmigerð kyneinkenni og stuðla að því að fræðsla um málefni intersex fólks aukist á Íslandi. Félagið hefur unnið að lagabreytingum sem tryggja intersex fólk, og þá sérstaklega intersex börnum, vernd fyrir óafturkræfum inngrípum inni líma þeirra sem byggjast á félagslegum, sálfélagslegum eða útlitslegum gildum og þjóna ekki brýnum heilsufarslegum tilgangi.

Árið 2019 voru lög um kynrænt sjálfræði samþykkt á Íslandi þar sem öllum Íslendingum yfir 16 ára og eldri var tryggður rétturinn til líkamlegrar friðhelgi og sjálfræðis en börn undir 16 ára aldri var ekki tryggð nein vernd. Intersex Ísland á núna fulltrúa í nefnd forsætisráðherra um málefni barna sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni.

ÁSAR Á ÍSLANDI

Ásar á Íslandi er félag eikynhneigðra og eirómatískra (e. asexual and aromantic) sem var stofnað árið 2018. Tilgangur félagsins er að þeir sem finna ekki/lítið fyrir kynferðislegri og/eða rómantískri aðlöðun viti að þau eru ekki ein, að þau séu viðurkennd og þau njóti fyllstu réttinda í íslensku samfélagi. Ásar á Íslandi standa fyrir viðburð fyrir eikynhneigð og eirómantíska og reyna vera sýnileg t.d. með því að taka að sér Instagram Hinseginleikans, taka þátt í gleðigöngunni og fleira.

Ása á Íslandi má finna á Facebook og svo nýrri vefsíðu þeirra www.asaraislandi.is

HINSEGIN NORÐURLAND

HIN – Hinsegin Norðurland eru sjálfstætt starfandi samtök hinsegin fólks á Norðurlandi. Samtökin hafa verið starfandi síðan vorið 2011 og fara ört stækkandi.

Nánar á: www.facebook.com/hinsegin eða í netfanginu hinnordur@gmail.com

SAMTÖKIN '78 Á FJÁRLÖGUM

Á árinu 2020 munu Samtökin '78 fá tuttugu milljóna króna eingreiðslu sem samþykkt var af fjárlaganefnd Alþingis. Samtökin hafa skilað halla á síðustu þremur árum vegna aukinnar eftirspurnar í þjónustu þeirra. Einnig hafa Samtökin aukið starfsmannahald sitt einmitt til að bregðast við fjölgun mála, fyrirspurna, ráðgjafatíma, fræðslubeiðnum, hagsmunabaráttu og fleiru.

Fjárveitingin var ekki í upphaflegum drögum en við vinnslu málsins í þinginu lagði meirihluti fjárlaganefndar til 20 milljóna króna tímabundið framlag en vænlegast er að áframhald verði á formlegum stuðningi stjórnvalda og að talan eigi eftir að hækka.

Þessi auka fjármögnun er afar mikilvæg til að styrkja stöðir í rekstri Samtakanna, fara í aukið viðhald á húsnæði, koma á kerfi til að auka sjálfsaflafé og fleira.

ÞJÓNUSTUSAMNINGAR

ÞJÓNUSTUSAMNINGUR VIÐ FORSÆTISRÁÐUNEYTI

Samtökin '78 endursömdu um þjónustusamning sinn við forsætisráðuneytið undir lok ársins 2019 og skrifað var undir hann um miðjan febrúar. Samningurinn hljóðar upp á fimmtán milljónir króna. Samið er um sex þætti:

- Að standa fyrir fræðslu um málefni hinsegin fólks sem beinist sérstaklega að fagaðilum sem sinna þjónustu við almenning, s.s. starfsfólk opinberrar stjórnýslu og skóla. Skal fræðslan veitt án endurgjalds.
- Að standa fyrir árlegum samráðsfundum með kennurum sem kenna kynja-, jafnréttis-, og hinseginfræði á öllum skólastigum í því augnamiði að auka þekkingu og færni kennara á jafnréttismálum og málefnum hinsegin fólks.
- Að eiga árlega samráðsfund með kjörnum fulltrúum og sérfræðingum sem vinna að opinberri stefnumótun á sviði jafnréttismála um málefni hinsegin fólks.
- Að sinna ráðgjöf og hafa umsjón með stuðningshópum sem ætlað er að tryggja að hinsegin fólki og aðstandendum þess standi til boða, því að kostnaðarlausu, ráðgjöf vegna persónulegra mála sem og félags-, sálfræði- og lögfræðiráðgjöf. Þjónustan skal veitt á landsvísu eftir því sem við verður komið með samskiptum í gegnum tölvupóst, síma eða á vefnum. Ef einstaklingar sem hafa þörf fyrir túlkajónustu leita til verksala skal hann annast kaup á þeirri þjónustu með tilliti til samnings þessa.
- Að sinna alþjóðasamstarfi sem hafi að markmiði að byggja upp tengsl við systursamtök á hinum Norðurlöndunum og á alþjóðavettvangi og miðla af reynslu annarra hér á landi.
- Að taka virkan þátt í árlegu kynjapingi frjálsra félagasamtaka á sviði jafnréttismála og tryggja að raddir hinsegin fólks heyrist á þinginu.

Samtökin '78 eru þakklát forsætisráðuneytinu fyrir endurnýjun samningsins og vilja sérstaklega þakka Steinunni Valdísi Óskarsdóttur fyrir ánægjulega samvinnu.

ÞJÓNUSTUSAMNINGUR VIÐ REYKJAVÍKURBORG OG AUKASTYRKUR

Samtökin sömdu árið 2018 við Reykjavíkurborg og er samið til þriggja ára. Samið er um ráðgjöf, fræðslu og félagsmiðstöð og hljóða samningarnir samtals upp á 8,7 milljónir króna á ári. Á árinu 2020 fengu Samtökin tveggja milljóna króna aukastyrk til að bregðast við mikilli aukningu í Hinsegin félagsmiðstöð Samtakanna '78 og Tjarnarinnar. Á starfsárinu 2020–2021 munu Samtökin að nýju setjast við samningarborðið með fulltrúum Reykjavíkurborgar.

SAMNINGUR VIÐ HAFNARFJARÐARKAUPSTAÐ

Samtökin endursömdu við Hafnarfjarðarkaupstað um áframhaldandi fræðslu og þjónustu við hafnfirsk ungmenni sem og aðra starfsmenn Hafnarfjarðar. Samningurinn er til eins árs og hljóðar upp á 950.000 krónur á ári.

SAMNINGUR VIÐ VELFERÐARRÁÐUNEYTI VEGNA KOMU FLÓTTAFÓLKIS

Í september 2019 gerðu Samtökin '78 og Velferðarráðuneytið með sér samning er kvað á um þjónustu við hóp kvótaflóttafólks, en mörg þeirra eru hinsegin. Þjónustan felur í sér einstaklingsráðgjöf, stuðningshópa og fræðslu til þjónustuaðila s.s. Rauða krossins og sveitarfélaga er taka á móti fólkinu. Einnig er túlkabjónusta innifalin í samningi við ráðuneytið. Samningur hljóðar upp á 1,9 milljón og var sú upphæð greidd til Samtakanna við undirritun.

STYRKIR VELUNNARA

Samtökin '78 búa vel að mörgum velunnurum félagsins. Þar ber helst að nefna Soulflow Comedy, Laura Secord og Brött Brekkan, Magnús Hákonarson, Má Jóhann Löve, RMSSDLP, BDSM á Íslandi o.fl. Einnig voru haldnir styrktartónleikar á starfsárinu, en það voru namar í tómsundafræðum við Háskóla Íslands sem að þeim stóðu. Allur ágóði af þeim tónleikum rann óskiptur til Samtakanna '78. Við viljum þakka þessum aðilum innilega fyrir gjafmildina og munum við verja fénu í mikilvæg og fjölbreytt verkefni.

SAMSTARF VIÐ FYRIRTÆKI

Samtökin '78 hafa notið góðs af því á síðasta starfsári að vera tengd fyrirtækjum sem taka samfélagslegri ábyrgð alvarlega. Ber þar að nefna EPAL sem yfir Hinsegin daga seldu Hinsegin lundann og allur ágóði af sölu hans, rúmar 140.000 krónur, rann til Samtakanna. Einnig var fyrirtækið Sockbox Samtökunum verðmætt rétt eins og fyrri starfsár og seldu Regnbogasokka. Allur ágóði, 200.000 krónur, var lagður inn á reikning Samtakanna. Landsbankinn, sem síðustu ár hefur verið bakhjarl Samtakanna, greiddi fyrir allar auglýsingar í herferð Samtakanna um kynrænt sjálfræði ásamt því að styrkja nokkur smærri útgáfuverkefni. Elínborgu V. Kvaran hjá Landsbankanum þökkum við sérstaklega fyrir faglegt og traust samstarf.

Fjöldi fyrirtækja hafa einnig verið Samtökunum góð þegar kemur að fríðindum, afsláttum og gjafmildi. Fyrirtæki sem keypt hafa auglýsingu í rit Samtakanna sem kemur út á þessu ári, fyrirtæki sem gefa vinninga í árlegt jólabingó sem og þau fyrirtæki sem veita félögum Samtakanna afslætti (sem má finna inn á vef Samtakanna) er þakkað innilega fyrir gjafmildi sitt og rausn.

Nokkur fyrirtæki hafa aukinheldur leitað til Samtakanna þegar kemur að hinsegin málum, eru ávallt tilbúin til samstarfs, ásamt því að vera alltaf til staðar þegar Samtökin þurfa á

smærri styrkjum eða þjónustu á að halda. Viljum við sérstaklega nefna Pink Iceland, Kíkí Queer Bar, Curious, Geira Smart, Slippbarinn, Skúla Craft Bar, Grænu stofuna, Jómfrúna, Te & Kaffi, Gaukinn, Arina – upplýsingatækni, Mótíf auglýsingavörur, Prentsmiðju Guðjón Ó og fleiri.

REGNBOGAVINIR SAMTAKANNA '78

Regnbogavinir er ný leið fyrir þau sem vilja standa vörð um starf Samtakanna '78 með fjárframlögum í formi mánaðarlegs framlags. Regnbogavinir fóru í loftið í maí 2019 og geta áhugasöm farið á síðu Samtakanna og skráð sig sem regnbogavin. Þar er hægt að gerast styrktaraðili fyrir 1.500, 2.500, 3.500, 5000 eða 10.000 krónur á mánuði. Samtökin '78 þakka öllu sem nú þegar hafa gerst Regnbogavinir, framlag ykkar er Samtökunum '78 mjög mikilvægt.

KOMANDI REKSTRARÁR

Á rekstrarárinu 2018 voru Samtökin rekin hallalaus. Í fyrra, 2019, var hallinn umtalsverður eða rúmar þrjár milljónir króna, sem er í samræmi við fjárhagsáætlun en þar var gert ráð fyrir svipuðum halla. Ástæðan fyrir hallanum má rekja til aukins starfsmannahalds og mikillar aukningar í þjónustu Samtakanna.

Rekstrarárið 2020 verður þó ívið blómlegra miðað við áætlanir. Tuttugu milljóna króna viðbót við opinber framlög vegur þar þungt og einnig áætlun stjórnar um að setja söfnun sjálfsaflafés í fastari skorður með því að gera samning við þjónustufyrirtæki.

Ráðgert er að fara í viðgerðir og bætur á húsnæði Samtakanna, fjölga starfsfólki, hækka laun og koma kerfum, ferlum og skipulagi í lag.

SKRIFSTOFA OG STARFSFÓLK

Skrifstofa Samtakanna '78 hefur tekið þónokkrum breytingum á starfsárinu. Daníel E. Arnarsson hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra frá 1. júlí 2017 og Sólveig Rós starfi fræðslustýru fram að frá 1. október 2016 til 1. desember 2019, en þá hóf hún fæðingarorlof. Í hennar stað var Tóttla I. Sæmundsdóttir ráðinn tímabundið til starfa og gegnir hún starfi fræðslustýru fram að desember 2020. Heiðrún Fivelstad gegnir starfi skrifstofustýru, en stöðugildi hennar var aukið úr 50% í 100% á starfsárinu.

Eftir sem áður hafa Samtökin '78 notið aðstoðar öflugra sjálfboðaliða sem sinna verkefnum ötullega, en með auknu starfsmannahaldi hefur fjöldi mála flust yfir á launað starfsfólk Samtakanna. Á starfsárinu hafa Samtökin '78 haldið áfram vinnunni að flytja allan almennan rekstur félagsins á starfsfólk og halda sjálfboðadrifnum verkefnum sértækum. Aukið starfsmannahald tryggir sjálfbærni Samtakanna '78 og eykur stofnanaminni.

HÚSNÆÐISMÁL

Á síðasta starfsári (2018) var farið í miklar framkvæmdir á húsnæði Samtakanna '78 að Suðurgötu 3, þegar lagfærðar voru sprunguskemmdir utan á húsnæði þegar leki komi í ljós. Minna var um framkvæmdir þetta árið, en fyrirhugaðar eru miklar breytingar innanhúss. Þá hefur vinna í kjallara húsnæðisins hafist, en til stendur að hýsa þar skrifstofu starfsfólks á komandi starfsári. Mikil eftirvænting er eftir bættari skrifstofuaðstöðu starfsfólks.

Einnig hefur skrifstofustýra Samtakanna lagt vinnu í að fegra húsnæði Samtakanna, með tilheyrandi sorpuferðum, skipulagningu og ferðum í IKEA. Plöntufjöldi Samtakanna hefur snarhækkað og dafna þær vel, en plönturnar fengust að gjöf frá mismunandi aðilum. Einnig kom skrifstofustýra upp bókaskáp sem gegnir því tilgangi að skipta upp rýminu ásamt því að hýsa afganginn af bókasafni Samtakanna sem gefið var Borgarbókasafninu á sínum tíma.

Viima Lampinen sinnir þrifum á húsnæðinu og mun halda því áfram á komandi starfsári

UPPLÝSINGA- OG KYNNINGARMÁL

Samtökin '78 halda úti vefsíðu, póstlista og eru virk á helstu samfélagsmiðlum, svo sem Facebook og Instagram.

HEIMASÍÐA

Heimasíða Samtakanna '78 gegnir því hlutverki að miðla upplýsingum og varðveita mikilvægar heimildir á borð við pistla, ræður og greinar sem birst hafa í gegnum árin.

Unnið var að gerð nýrrar heimasíðu á starfsárinu, sem áætlað er að fari í loftið von bráðar. Nýja heimasíðan verður nútímalegri, aðgengilegri og skilvirkari en sú eldri, sem eykur einnig sýnileika Samtakanna '78 á netinu. Ný heimasíða mun þjóna Samtökunum enn betur en sú eldri, en Samtökin hafa þróast hratt á síðustu misserum.

FACEBOOK

Facebook-síðan er eitt helsta tæki Samtakanna '78 til upplýsingarmiðlunar og hefur mikil vinna verið lögð í að betrubæta aðgengi að upplýsingum á Facebook á starfsárinu.

Fylgjendur Samtakanna '78 á Facebook eru samtals 6.729 þegar skrifað er, sem er aukning um 500 fylgjendur frá því í fyrra, eða um 6,9% aukning. Á Stonewall deginum 18. júní 2019 var mikil aukning í fylgjendum, en þá héldu Samtökin '78 viðburð um Stonewall óeirðirnar. Samtals voru birtir 78 viðburðir á Facebook-síðu Samtakanna '78 yfir árið, sem samtals náðu til rétt um 100 þúsund manns.

INSTAGRAM

Samtökin '78 voru mun virkari á Instagram á starfsárinu en síðustu ár og hefur fjöldi fylgjenda aukist til muna. Í dag eru fylgjendur á Instagram 943. Samtökin '78 munu halda áfram að nýta sér miðilinn í auknum mæli á komandi starfsári.

ÞARFAGREINING SAMTAKANNA '78

Vorið 2019 gáfu Samtökin '78 út þarfagreiningu fyrir félagsfólk sitt. Markmið þarfagreiningarinnar var að meta hvað sé að nýtast vel í starfinu og hvað mætti betur fara samkvæmt félagsfólki. Niðurstöður könnuninnar voru notaðar til að meta hvað væri mikilvægt að leggja áherslu á og móta starfsárið enn betur með skoðanir félagsfólk í huga.

ÚTGÁFUVERKEFNI

RAINBOW ICELAND

Á starfsárinu gáfu Samtökin '78 út bæklinginn *Rainbow Iceland – Your Rights and Resources* á þremur tungumálum: íslensku, ensku og frönsku. Rainbow Iceland er upplýsinga- og kynningarbæklingur um starfsemi Samtakanna '78 og helstu réttindi hinsegin fólks á Íslandi. Bæklingnum er ætlað að upplýsa erlent hinsegin fólk um stöðu hinsegin fólks á Íslandi og veita þeim upplýsingar um hvert þau geta leitað eftir aðstoð. Bæklingurinn er mikilvægur liður í því að auka þjónustu Samtakanna '78 við hinsegin fólk sem talar ekki íslensku. Bæklinginn hannaði Jakob Sturla Einarsson.

HVAÐ ER HINSEGIN

Hvað er hinsegin er upplýsingarbæklingur um helstu hinsegin hugtökin sem gefinn var út á starfsárinu. Bæklinginn uppfærði Heiðrún Fivelstad eftir eldri útgáfu og samræmdi við hugtakanotkun í dag. Bæklingurinn er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og Samtakanna '78 og mun nýtast í fræðslu Samtakanna '78 og Mannréttindarskrifstofu Reykjavíkurborgar. Bæklinginn hönnuðu Leifur Wilberg og Jakob Sturla Einarsson.

FÉLAGATAL

Félagar Samtakanna '78 þegar skrifað er eru 1309 samtals samkvæmt félagatali. Meðalaldur félaga er 43 ára, ári eldri en í fyrra.

Almenn félagsgjöld eru 5.900 kr. Afsláttargjöldin eru eftirfarandi: 2.900 kr. fyrir eldri borgara, öryrkja og nema. Einstaklingar undir átján ára greiða aðeins 1.500 kr. Greiðsluseðlar vegna félagsgjalda ársins 2020 hafa verið sendir út.

Heildartekjur félagsins af félagsgjöldum árið 2019 námu kr. 2.657.100. Skiluðu félagsgjöld tæpum 30.000 krónum minna en í fyrra. 481 manneskja hefur greitt félagsgjöld og er það í samræmi við þann fjölda sem vanalega greiðir félagsgjöld fyrir aðalfund. Félagar geta svo vitaskuld greitt félagsgjöld hvenær sem er árs, því mun þessi tala aðeins hækka.

ÉG STYÐ RÉTTINDI TRANS OG INTERSEX FÓLKS

Í aðdraganda nýju laganna um kynrænt sjálfræði stóðu Samtökin '78 fyrir átaki þar sem fjöldi þjóðþekktra einstaklinga studdu réttindi trans og intersex fólks í auglýsingaherferð á samfélagsmiðlum. Þau eru Huggleikur Dagsson, listamaður og grínisti, Saga Garðarsdóttir, listakona, Guðrún Ágústsdóttir, fyrrv. forseti öldungaráðs Reykjavíkurborgar, Sigga Dögg, kynfræðingur, Sema Erla, aktivisti, Toshiki Toma, prestur, Fríða Rós, sérfræðingur hjá jafnréttisstofu, Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir, Arnar Gíslason, kynjafræðingur, Baldur Ragnarsson, tónlistarmaður, Karitas Harpa, söngkona, Eiríkur Rögnvaldsson, fyrrv. háskólakennari. Við þökkum þeim fyrir sitt framlag til baráttunnar.

SAMSTARF MEÐ AMNESTY INTERNATIONAL

Í febrúar 2019, í aðdraganda þinglegrar meðferðar frumvarps um kynrænt sjálfræði, gáfu Samtökin '78 í samstarfi við Amnesty International út myndbönd sem vörpuðu ljósi á jákvæð áhrif kynræns sjálfræðis á líf trans og intersex einstaklinga. Í myndböndunum komu fram Alexander Björn Gunnarsson, Kitty Andersen og Valgerður Hirst Baldurs. Þökkum við þeim fyrir framlag sitt og Amnesty International fyrir samstarfið.

ALPJÓÐAMÁL

REGNBOGAKORT ILGA – EUROPE

Í maí 2019 gaf ILGA – Europe út árlegt regnbogakort sem sýndi að staða Íslands í Evrópsku samhengi hefur versnað milli ára. Á þessu ári situr Ísland í 19. sæti listans og hefur færst niður um þrjú sæti. Regnbogakortið skiptist í sex flokka sem varða réttindi hinsegin fólks. Árið 2019 uppfyllti Ísland 52% af lagalegum réttindum hinsegin fólks en í ár 47%. Staða Íslands í dag skiptist svona í eftirtöldum flokkum:

Heildarstaða Íslands í lagalegum réttindum hinsegin fólks: 47%



Jafnrétti og bann við mismunun: 38%



Réttur samkynja para í fjölskyldumálum: 83%



Hatursorðræða og hatursglæpir: 26%



Lagaleg viðurkenning á kynvitund og líkamlegu friðhelgi: 37%



Funda-, féлага-, og tjáningarfrelsi: 100%



Málefni hinsegin hælisleitenda: 0%



Vegna nýrra laga um kynrænt sjálfræði mun Ísland færast ofar á Regnbogakortinu á næsta ári.

ÁRSPING ILGA – EUROPE

Árสปing ILGA Europe var haldið í lok 23.–26. október. Marion Lerner, Daníel E. Arnarsson og Þorbjörg Þorvaldsdóttir sátu ársþingið fyrir hönd Samtakanna '78.

EFLING NORRÆNS SAMSTARFS

Á ársþingi ILGA Europe 2019 tóku norrænu hinsegin samtökin sig saman og ákváðu að skipuleggja sameiginlegan fund í Danmörku, en þótti það góð leið að nýta tækifærið sem skapaðist vegna fyrsta fundar norrænu ráðherranefndarinnar sem nú er að víkka út jafnréttis vinnu sína í hinsegin málefni. Í febrúar fóru því Unnsteinn Jóhannsson varaformaður og Hrefna Þórarinsdóttir forstöðukona hinsegin félagsmiðstöðvarinnar á fund í Danmörku með öðrum norrænum hinsegin félögum. Á fundinum kom fram að mikill hugur er í að styrkja tengsl og samstarf enn betur og funda a.m.k. tvisvar á ári hér eftir. Vonir standa til að vinna norrænu ráðherranefndarinnar muni skila enn fleiri tækifærum fyrir hinsegin samtök á Norðurlöndum til að sinna mikilvægri vinnu þeirra á milli.

MÓTMÆLI GEGN OPINBERRI HEIMSÓKN VARAFORSETA BANDARÍKJANNA

Þann 4. september héldu Samtökin '78 mótmæli vegna komu Mike Pence til landsins ásamt Samtökum hernaðarandstæðinga, Trans Íslands, Menningar- og friðarsamtökin MFÍK, Ungum jafnaðarmönnum, Femínistafélags Háskóla Íslands, Ungum vinstri grænum, Kvenréttindafélagi Íslands, Húmanistaflokknum, Ungum Pírötum og Jæja.

ALMENNT UM RÁÐGJAFAPJÓNUSTUNA

Samtökin '78 bjóða upp á ráðgjöf í formi viðtalstíma árið um kring. Hægt er að fá viðtalstíma bæði í gegnum síma og í eigin persónu, fyrir einstaklinga, fólk í samböndum og fjölskyldur. Hægt er að panta ráðgjöf í gegnum heimasíðu Samtakanna '78 eða með því að senda skrifstofu tölvupóst. Ráðgjafarnir hitta skjólstæðinga sína í ráðgjafaherbergi í húsnæði Samtakanna '78 eða á einkastofum sínum. Skjólstæðingum stendur til boða ráðgjöf án endurgjalds í þrjú skipti, en að þeim tímum loknum gefst fólki kostur á að mæta í viðtöl gegn greiðslu. Undanþágur frá greiðslum eru gerðar í einhverjum tilfellum t.d. ef um flóttamenn og hælisleitendur er að ræða. Ráðgjafar Samtakanna '78 benda einnig á aðra meðferðaraðila, telji þeir það eiga við, sem og ef fólk leitar eftir því.

MARKMIÐ MEÐ RÁÐGJÖFINNI

Ráðgjöfin er fyrst og fremst hugsuð fyrir hinsegin fólk og aðstandendur þeirra og er markmiðið að styðja þennan hóp og auka lífsgæði hans. Ráðgjöfin er öllum opin, félagsfólki jafnt sem öðrum. Nær allir sem leita til ráðgjafa samtakanna eiga það sameiginlegt að vera hinsegin eða aðstandendur hinsegin fólks. Flestir eru að takast á við mál sem tengjast kynhneigð eða kynvitund á einhvern hátt. Margir eiga við kvíða, þunglyndi og/eða félagslega einangrun að stríða og einnig geta verið vandkvæði í samskiptum við fjölskyldu og/eða annar vandi. Eins hefur það færst í aukana að fagaðilar og stofnanir leiti til ráðgjafanna um ráð og upplýsingar.

RÁÐGJAFATEYMI

Hjá samtökunum er starfandi teymi fagaðila sem sér um félags- og sálfræðiráðgjöf. Ráðgjafarnir koma úr ólíkum áttum og hafa ólíka reynslu, bakgrunn og menntun. Þeir eiga það sameiginlegt að hafa sérhæft sig í hinsegin málefnum. Þeir eru því vel í stakk búnir til að takast á við flestan þann vanda sem einstaklingar koma með auk þess að taka fullt tillit til kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar og/eða kyneinkenna einstaklinga.

Ráðinn var inn nýr ráðgjafi á starfsárinu, Wieslaw Kaminski. Wieslaw er af pólskum uppruna og er vonin að mæta pólska hinsegin samfélaginu á Íslandi betur með því að bjóða upp á ráðgjöf á pólsku. Við bjóðum hann velkominn og hlökkum til komandi samstarfs.

Í teyminu eru:

Aldís Þorbjörg Ólafsdóttir, *sálfræðingur (frá desember 2016)*
Guðbjörg Ottósdóttir, *félagsráðgjafi (að nýju frá 2013)*
Sigríður Birna Valsdóttir, *leiklistar- og fjölskyldumeðferðarfræðingur (frá vori 2009)*
Todd Kulczyk, *fjölskyldu- og leiklistarmeðferðarfræðingur (frá janúar 2017)*
Guðrún Häsler, *sálfræðingur (frá ágúst 2018)*
Ragnar Skúlason, *félagsráðgjafi (frá september 2018)*
Wieslaw Kaminski, *meðferðarfræðingur (frá janúar 2020)*
Helga Baldvinsdóttir og Bjargardóttir, *lögfræðingur (frá 2019)*

Samtökin '78 eru ákaflega stolt af ráðgjafateyminu og hlakka til að vinna með þeim áfram.

ALMENNT UM NOTENDUR ÞJÓNUSTUNNAR






Mjög misjafnt er hver tilgangur fólks er sem leitar til ráðgjafanna. Sumir koma eingöngu vegna hinsegin mála hjá þeim sjálfum eða einhverjum nákomnum, á meðan aðrir leita til ráðgjafanna vegna annarra mála samhliða þeim, vitandi að þeim verður vel tekið og að hinsegin málefni munu ekki flækjast fyrir ráðgjöfinni. Fólki getur þótt erfitt að leita til fagaðila og ræða sína kynhneigð, kyneinkenni og/eða kynvitund án þess að vera viss um að sá aðili hafi þekkingu á þessum málaflokkum. Samtökunum '78 hafa borist fregnir frá félagsmönnum sem hafa leitað til ráðgjafa annars staðar og fengið ófullnægjandi þjónustu vegna vanþekkingar á hinsegin málefnum og jafnvel upplifað fordóma. Þetta getur m.a. birst í tilhneingingu meðferðaraðila til að taka ekki tillit til kynhneigðar, kyneinkenna og/eða kynvitundar. Einnig þekktist það að meðferðaraðili vilji alhæfa, tengja alla líðan við kynhneigð, kyneinkenni og/eða kynvitund og gera þessar breytur að aðalumræðuefni þótt þær séu það ekki og fólk sé að leita sér ráðgjafar til að ræða allt önnur mál. Einstaklingar sem leita til ráðgjafa hjá Samtökunum '78 eru því að koma inn á öruggt svæði. Þar er kynhneigð, kyneinkennum og/eða kynvitund þeirra tekið sem sjálfsögðum og eðlilegum hlut og ekki lagt út af þeim breytum ef það á ekki við.

SKJÓLSTÆÐINGAR ÁRSINS 2019

Umfang ráðgjafapjónustunar hefur aukist mikið á undanförunum árum. Árið 2016 fjölgaði viðmælendum upp í 181 og viðtölin voru 202. Árið 2017 var fjöldi viðmælenda 176 en viðtölum fjölgaði hins vegar í 334. Árið 2018 var fjöldi viðmælenda orðinn 211 og viðtölin 516. Árið 2019 var fjöldi viðmælenda 345 og viðtala 905. Gerir þetta að meðaltali 2,6 viðtal á hvern skjólstæðing árið 2019 og er aukning viðtala frá árinu 2018 til 2019 75,39%. Helsta ástæðan fyrir þessu er að sífellt fleiri sem leita til Samtakanna eftir ráðgjöf þurfa meiri þjónustu en áður og má þar nefna m.a. hinsegin flóttafólk og hælisleitendur, ungt trans fólk og trans börn.

Vert er að taka fram að að tölurnar taka ekki með fjölda þeirra sem sækja stuðningshópa Samtakanna '78, sem eru sex talsins og haldnir mánaðarlega hver. Eru þeir vel sóttir og um 50–60 manns sem nýta sér þá þjónustu í hverju mánuði sem gerir um 600 til 720 á árinu 2019. Hópar fyrir trans ungmenni og aðstandendur hafa verið sérstaklega vel sóttir og greinilega mikil þörf á slíkum stuðningi.

Hér á móti ber að líta nokkrar lykiltölur úr ráðgjöfinni:



STUÐNINGSHÓPAR

Sex stuðningshópar voru starfandi á starfsárinu. Hópar fyrir trans ungmenni á aldrinum 13–17 ára, fyrir trans ungmenni á aldrinum 18–25 ára og fyrir aðstandendur trans barna og ungmenna. Eins voru stuðningshópar fyrir sam- og tvíkynhneigða karlmenn, hinsegin konur og fyrir trans konur. Stuðningshópur hinsegin kvenna og trans kvenna komu til á starfsárinu þar sem Samtökin '78 urðu vör við aukna þörf og kalli eftir slíkum hópum. Sigríður Birna Valsdóttir leiðir stuðningshópa trans ungmenna og aðstandenda, Todd Kulzcyk og Ragnar Skúlason leiða stuðningshóp sam- og tvíkynhneigðra karlmanna og Aldís Þorbjörg Ólafsdóttir og Guðrún Häsler leiða stuðningshóp hinsegin kvenna. Að lokum leiða Sigríður Birna Valsdóttir og Aldís Þorbjörg Ólafsdóttir stuðningshóp trans kvenna.

LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF

Síðan í október 2015 hafa Samtökin '78 boðið upp á lögfræðiráðgjöf til félagsfólks. Í maí 2019 var Helga Baldvinsdóttir Bjargardóttir ráðin sem lögfræðiráðgjafi Samtakanna '78. Helga er sjálfstætt starfandi lögmaður og mannréttindaaktivisti ásamt því að sitja í stjórn KRFÍ og Solaris.

Aðstoð Helgu felst í að leiðbeina um þau lagalegu úrræði sem standa einstaklingi til boða að íslenskum rétti og innan stjórnsýslunnar. Þar með felst ráðgjöf hennar ekki í lögmannsstörfum fyrir einstaka félagsmenn heldur í ráðgjöf um fyrstu skref og aðstoð við að meta hvaða rétt fólk á.

ÖNNUR VERKEFNI

Ráðgjafar Samtakanna '78 hafa tekið þátt í ýmsum verkefnum á árinu, t.d. fræðsluerindi í samvinnu við Hinsegin félagsmiðstöðina sem bar heitið *Hvert er mitt hlutverk? Stuðningur við hinsegin börn og ungmenni*. Fræðslan var ætluð foreldrum hinsegin barna og þeim leiðbeint hvernig gott er að styðja sem best við börnin sín. Fræðslan fór fram í sal Norræna hússins og var vel sótt. Augljóst var að þörf er á slíkri fræðslu fyrir foreldra og aðstandendur hinsegin ungmenna.

Eins tóku ráðgjafar þátt í ráðstefnunni *Trans til framtíðar* sem haldin var í Ráðhúsi Reykjavíkur í september 2019 þar sem tilgangurinn var að fræða heilbrigðisstarfsfólk, kennara og aðra sem koma að málefnum trans fólks í starfi sínu og gefa öllum tækifæri til að kynnast málaflokknum.

Einnig má nefna að einn af ráðgjöfunum, Sigríður Birna var einn viðmælenda í heimildapáttaröðinni *Trans börn á Stöð 2*.

Að lokum sá lögfræðiráðgjafi Samtakanna '78 ásamt skrifstofustýru um skipulagningu fræðsluerindisins *Hver er minn réttur?* þar sem farið var yfir borgaraleg réttindi hinsegin fólks í samskiptum við yfirvöld.

ÞRÓUN NÚVERANDI ÞJÓNUSTA OG UTANUMHALDS

Mikill metnaður og hugur er í ráðgjöfum Samtakanna og starfið í stöðugri þróun. Stuðningshópum hefur fjölgað og þörfin á slíkum stuðningi hefur virkilega sýnt sig t.d. í hópum fyrir trans ungmenni, en mæting þar hefur aukist verulega síðustu mánuði. Eins hefur það sýnt sig að aðrir hópar eru einnig vel sóttir og er það upplifun ráðgjafa að þar eigi líka eftir að fjölga.

Frá upphafi árs 2019 hefur skrifstofustýra unnið að nýjum komuskýrslum fyrir ráðgjafapjónustuna, sem hafa það að markmiði að safna greinabetri og marktækari upplýsingum en áður. Í stað einnar skýrslu sem hver skjólstæðingur fyllir út í hvert skipti sem þau nýta sér ráðgjöfina er nú ein komuskýrsla, ein aðstandendaskýrsla og svo stöðuskýrsla, sem notuð er til að athuga stöðu skjólstæðings eftir nokkur skipti í ráðgjöfinni. Skýrslurnar er hægt að fylla út á prentuðu og stafrænu formi, hvort sem hentar skjólstæðingi betur. Allar skýrslurnar eru nafnlausar og valkvætt er hvort fyllt er út skýrsla. Notkun á skýrslunum hófst í ársbyrjun 2020, svo enn er um reynslutímabil að ræða.

FRAMTÍÐ RÁÐGJAFAPJÓNUSTUNNAR

Framtíðarsýn ráðgjafapjónustunnar er að á árinu 2020 verði haldið áfram að gera ráðgjöfina sýnilega og koma til móts við alla þá hópa sem þurfa á henni að halda. Ráðgjafar stefna að því að halda áfram góðu samstarfi með það að markmiði að gera ráðgjafapjónustuna enn betri og fjölbreyttari, með það í huga er frábært að geta nú boðið upp á ráðgjöf á íslensku, ensku og pólsku.

Það er mat ráðgjafa að þörf á ráðgjafapjónustu eigi enn eftir að aukast og því sé mikilvægt að halda áfram að koma til móts við ráðgjafana með það í huga. Eins og fram hefur komið býr ráðgjafahópur Samtakanna '78 yfir mikilvægri sérþekkingu og þjónustar hóp sem í mörgum tilfellum finnur ekki sambærilega þjónustu annars staðar. Það er alltaf að aukast að það er kallað eftir þessari sérþekkingu fyrir utan hina eiginlegu ráðgjöf og álagið á ráðgjöfum hefur verið mjög mikið síðasta árið. Ef ekki er nægilega vel stutt við starfsemi ráðgjafanna og um leið þá sem til þeirra leita er hætta á að vandi þeirra aukist og viðfangsefnin verði flóknari og erfiðari úrlausnar. Ráðgjafar hafa mikinn áhuga á því að sækja sér endurmenntun t.d. í formi ráðstefna og námskeiða erlendis og einnig er mikilvægt að efla handleiðslu á meðal ráðgjafa þar sem mál hafa þungst og álagið aukist.

FRÆDSLUSTARF

ALMENNT UM FRÆDSLUNA

Eins og undanfarin ár er fræðslustarfið einn af grundvallarpáttum í starfi Samtakanna '78. Árið 2019 var starfið í höndum Sólveigar Rós fræðslustýru auk sjálfboðaliða sem kallast hinsegin fræðarar. Sólveig Rós hefur gegnt starfi fræðslustýru frá haustmánuðum 2016, en í lok árs 2019 hóf hún fæðingarorlof og við tók Tóttla I. Sæmundsdóttir. Tóttla mun sinna starfi fræðslustýru út árið 2020 og bjóðum við hana hjartanlega velkomna í starfshóp Samtakanna '78.

Mismunandi var hversu margir fræðarar voru virkir í starfinu hverju sinni en í heildina voru 14 skráðir fræðarar. Einnig sinntu stjórnarliðar, skrifstofustýra og ráðgjafar fræðslu að einhverju leyti.

Oft er sagt að fordómar spretti út frá fáfræði og því er það nauðsynlegur og mikilvægur hluti af starfi Samtakanna að stuðla að upplýstri umræðu og þekkingu á málefnum hinsegin fólks með fræðslu. Er það fyrst og fremst gert með fræðslu í skóla en mjög algengt er að skólar bóki fræðslu fyrir nemendur grunn- og framhaldsskóla. Vaxandi þáttur í fræðslunni er einnig að fræða starfsfólk sem vinna með börnum og ungmendum, sem er mikið gleðiefni og mikilvægur þáttur til að stuðla að öryggi og stuðningi við hinsegin ungmenni. Þá hefur einnig færst í aukana að fagstéttir og vinnustaðir bóki fræðslu fyrir starfsfólk sitt.

Tilgangurinn fræðslustarfsins er að ná til þeirra sem á einhvern hátt tilheyra hinsegin heiminum, kynna þeim fyrir þjónustu og félagsskap sem þeim býðst en einnig að stuðla að upplýstri umræðu og og þar með að opnara og réttlátara samfélagi fyrir okkur öll sem gerir ráð fyrir hvers kyns fjölbreytileika. Í lok hvernar fræðslu hefur verið gefið rými fyrir trúnaðarsamtöl og án undantekningar hafa unglingar og börn nýtt tækifærið til að spjalla.

HINSEGIN FRÆÐSLA

Hinsegin fræðarar Samtakanna '78 samanstendur af sjálfboðaliðum á aldrinum 18–25 ára. Starfið felur í sér að heimsækja nemendur í grunn- og framhaldsskólum, kynna þau fyrir helstu hugtökum innan hinsegin heimsins og útskýra fyrir þeim hvað það þýði að vera hinsegin. Í lok hvernar fræðslu gefst nemendum færi á að spyrja nafnlausra spurninga sem á þeim brenna sem fræðararnir svara eftir bestu getu. Til að undirbúa fræðarana sem best undir fræðslustarfið eru haldin námskeið í upphafi hvernar annar þar sem farið er yfir efnið og algengustu spurningarnar.

FRÆÐSLA TIL FAGSTÉTTA

Fræðsla til fagstétta var fjölbreytt. Helst var um að ræða heimsóknir í leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla til að ræða við starfsfólk en einnig var farið á aðra vinnustaði og félög. Innihald fræðslunnar er sniðið að hverju tilviki fyrir sig en oftast er um að ræða grunnfræðslu um hinsegin heiminn og þau hugtök sem honum fylgja, svo sem kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni og kyntjáningu, en svo er umfjöllun um hvernig starfstaðurinn getur betur komið til móts við fjölbreyttan hóp starfsfólks og skjólstæðinga. Hefur þetta gengið vel og er ánægjulegt að sjá hversu mikil eftirspurn er eftir þessari fræðslu.

VÍSINDAFERÐIR Q – FÉLAGS HINSEGIN STÚDENTA

Q – félag hinsegin stúdenta hefur haldið vísindaferðir fyrir nemendafélög háskóla í húsnæði Samtakanna '78. Alls voru haldnar 10 kynningar á árinu 2019. Þar er rætt um hinsegin heiminn og hann tengdur við það fag sem nemendurnir leggja stund á hverju sinni. Hafa vísindaferðirnar verið mjög vinsælar og er biðlistinn langur.

HINSEGIN FRÁ Ö TIL A

Hinsegin frá Ö til A er fræðsluvefur sem stofnaður var í september 2017. Að vefnum stóðu Auður Magnús Auðardóttir og Íris Ellenberger. Á vefnum eru tekin saman hugtök sem koma við sögu í hinsegin fræðum, menningu, sjálfsmynd og pólitík. Á starfsárinu fengu Samtökin '78 síðuna að gjöf frá höfundum hennar og er hún því nú í eign Samtakanna '78. Hlekkurinn á vefinn er www.otila.is.

KYNJAPING

Kynjaping var haldið í Norræna húsinu þann 2. Nóvember 2019. Kynjaping er lýðræðislegur og femínískur vettvangur fyrir almenning. Dagskrá þingsins er skipulögð af félagasamtökum og grasrótarsamtökum og hugmyndin er sú að auka samræður milli þeirra sem er ann t um jafnrétti í heiminum og gefa almenningi tækifæri til að kynnast því helsta sem er að gerast í femínískri umræðu. Í þjónustusamningi við forsætisráðuneytið er bundið að Samtökin '78 taki þátt í þinginu. Sólveig Rós, fræðslustýra Samtakanna, tók þátt fyrir okkar hönd og stýrði viðburðinum *Kjafað með kennurum* með miklum glæsibrag. Rætt var um þá kröfu að kynjafræði, jafnréttisfræði og/eða hinsegin fræðum verði gert hærra undir höfði í skólakerfinu.

SAMSTARF VIÐ ÍSÍ

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands sóttist eftir samstarfi við Samtökin '78 til að gefa út fræðslubækling fyrir þjálfara um trans börn. Tóttla og Sólveig tóku þátt fyrir Samtökin '78 og sóttu fundi ásamt fulltrúum frá Trans vinum og Trans Ísland. Samstarfið gekk vel og saman samdi þessi hópur bækling sem verið er að setja upp til prentunar. ÍSÍ hefur sýnt áhuga að fylgja þessum bæklingi eftir með fræðslu frá Samtökunum.

ÞJÓNUSTUSAMNINGAR

Þrjú þjónustusamningar vegna fræðslu voru í gildi árið 2019. Í byrjun árs 2018 var samningur við Reykjavíkurborg endurnýjaður til þriggja ára en innihald hans er svipað og síðasti samningur: starfsfólki og nemendum allra grunnskóla borgarinnar stendur til boða hinsegin fræðsla. Það er mjög mismunandi eftir skólum hvort að stjórnendur nýta sér þá fræðslu sem er í boði, en Samtökin hafa lagt sig fram við að þrýsta á þá skóla sem hafa ekki nýtt sér það lengi að taka á móti okkur.

Samningur við Hafnarfjarðarbæ var endurnýjaður á síðasta ári til eins árs. Samkvæmt þessum samningi þá fær allt nýtt starfsfólk grunnskóla í Hafnarfirði 6 klst fræðslu frá Samtökunum '78 og svo heimsækja jafningjafræðarar alla 8. bekki í bæjarfélaginu. Mikil ánægja ríkir með þetta fyrirkomulag.

Í febrúar 2019 var gerður samningur við Velferðarráðuneytið en samkvæmt honum á starfsfólk ráðuneyta, menntaskóla, háskóla, lögreglu, heilbrigðisstofnana og öldrunarheimila kost á fræðslu. Menntaskólarnir, háskólarnir og ráðuneytin hafa nýtt sér þetta fyrirkomulag. Stefnt er á að hitta sem flesta innan lögreglunnar á vorinu 2020.

TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

Árið 2019 hélt fræðslustýra 206 erindi. Þar af voru flest í grunnskólum eða félagsmiðstöðvum í Reykjavík, alls 106 fræðslur í 38 skólum eða félagsmiðstöðvum. 23 fræðslur í 12 grunnskóla voru haldnar í Hafnafirði samkvæmt þjónustusamningi.

Sigríður Birna, ráðgjafi Samtakanna, hélt 7 fræðslur fyrir hönd Samtakanna og talaði við skóla, heilbrigðisstarfsfólk og félagsþjónustuna.

Gert er ráð fyrir að um það bil 6.000 einstaklingar hafi hlotið fræðslu frá Samtökunum '78 á árinu.

FRAMTÍÐ FRÆDSLUNNAR

Mikil eftirspurn er eftir fræðslu frá Samtökunum 78 og er stöðugt að aukast. Ljóst er að ekki hægt að sinna þeim öllum en reynt er eftir bestu geta að koma sem flestum að.

Mikil þörf er á alls kyns útgefnu fræðsluefni. Við höfum verið að vinna með Reykjavíkurborg og ÍSÍ á árinu í að gefa út fræðsluefni en gaman væri að sjá ný verkefni á árinu. Draumur væri að halda áfram að gefa út myndbönd og efni sem hægt er að sýna og deila áfram.

Ýmsir hópar og stofnanir hafa haft samband við Samtökin '78 og óskað eftir samvinnu með sína fræðslu. Kirkjan, þroskaþjálfar, sálfræðingar, félagsfræðingar og námsráðgjafar svo eitthvað sé nefnt. Samnefningarinn eru stofnanir sem vinna með fólki og sérstaklega börnum. Nauðsynlegt er að hlúa vel að þessum verkefnum svo að við náum til sem allra flestra. Óskandi væri að bæta við starfskröftum í fræðsluna svo að við getum byggt upp enn öflugara starf.

FLÓTTAFÓLK FRÁ KENÍA

Samtökin '78 og Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, undirrituðu samstarfssamning þann 4. september 2019 um móttöku flóttafólks frá Kenía. Um er að ræða 25 einstaklinga sem komu frá flóttamannabúðum í Kenía, en eru frá Úganda, Rúanda, Kongó, Súdan og Simbabve. Hópurinn kom til landsins 12. september. Hafa mörg þeirra nýtt sér þjónustu Samtakanna, hvort sem um er að ræða einstaklingsráðgjöf, stuðningshópa eða félagslíf.

Um er að ræða einstaklinga sem hafa þurft að flýja heimalönd sín vegna kynhneigðar og er þetta í þriðja sinn sem íslensk stjórnvöld taka á móti hinsegin flóttafólki, en móttakan er í samvinnu við sveitarfélög, Samtökin '78 og Rauða krossinn á Íslandi.

Margt fólk er á flótta vegna hinseginleika síns, en nefna má að samkynhneigð er bönnuð samkvæmt lögum í yfir sjötíu löndum. Dauðarefsing vegna samkynhneigðar er hámarksrefsing í ellefu þeirra.

ÞJÓNUSTA FYRIR UMSÆKJENDUR UM ALPJÓÐLEGA VERND

Samtökin '78 hafa tekið að sér fjölda mála er varða einstaklinga er leita að alþjóðlegri vernd á Íslandi. Þessi hópur hefur vaxið mikið á síðustu misserum og er nú stór hópur sem nýtir sér t.d. einstaklingsráðgjöf Samtakanna. Samtökin '78 hafa unnið náði með Rauða Krossi Íslands en þar hafa flestir einstaklingar er leita að alþjóðlegri vernd sinn talsmann og eru talsmenn þeirra í góðu sambandi við skrifstofu Samtakanna um þeirra mál. Á starfsárinu settu Samtökin sér verklagsreglur þegar kemur að móttöku einstaklinga er leita að alþjóðlegri vernd, enda hefur þeim málum fjölgað með tilheyrandi þunga á starfsemi Samtakanna.

Samtökin '78 hafa enga þjónustusamninga þegar kemur að málaflokknum, hvorki við Útlendingastofnun eða dómsmálaráðuneyti. Því hafa Samtökin þurft að sækja í sjálfsaflafé til að standa undir þjónustunni. Það er von Samtakanna að stjórnvöld veiti hinsegin fólki er leitar að alþjóðlegri vernd aukna þjónustu til að þau geti fengið réttláta málsmeðferð, en upp hafa komið vandamál sem má rekja til þess að hinsegin fólk fær ekki nægilega stuðning og hefur af þeim sökum ekki fengið sanngjarna málsmeðferð. Samtökin treysta á að stjórnvöld láti sig málið varða og semji við Samtökin '78 til að veita hinsegin fólki er leitar að alþjóðlegri vernd sanngjarna, mannúðlega og réttláta þjónustu.

HIV OG PREP

Árið 2018 var forvarnarlyf gegn HIV, PrEP, gert aðgengilegt á Íslandi. Í kjölfarið hafa Samtökin '78 staðið fyrir reglulegri fræðslu í samstarfi við Landspítalann um notagildi þess, enda um mikilvægt forvarnarlyf fyrir menn sem sofa hjá mönnum (MSM) að ræða. Í janúar 2020 var haldin ein slík fræðsla í húsnæði Samtakanna '78 þar sem farið var ítarlega í hvað PrEP er, hvernig lyfið virkar sem forvörn sem HIV og hvaða hópar hafa leyfi til að notast við þau í samræmi við lækni.

BLÓÐGJAFIR MSM

Líkt og á síðasta ári hafa Samtökin '78 haldið áfram að þrýsta á heilbrigðisyfirvöld varðandi blóðgjafir manna sem sofa hjá mönnum (MSM), sem enn eru bannaðar á Íslandi. Á starfsárinu hittu stjórnarmeðlimir og framkvæmdastjóri fyrir sérfræðinga, sóttvarnarlækni, heilbrigðisráðherra, formann nefndar um fagleg málefni blóðbankaþjónustu og yfirlækni blóðbankans á fundi til að meta stöðuna. Stjórn Samtakanna '78 vinnur nú í að fá upplýsingar frá öðrum Norðurlöndum um hvernig málum um blóðgjafir MSM hafi verið háttað þar og stefnir í kjölfarið á stefnumótun í málaflokknum.

HINSEGIN HEIMILISOFBELDI

Á starfsárinu gáfu Samtökin '78 út nafnlausu könnun til að athuga hver og hversu algeng reynsla hinsegin fólks af heimilisofbeldi sé. Um 100 einstaklingar tóku þátt. Verkefnið er unnið í samvinnu við Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar og hafa þau nú hafið greiningu á könnuninni. Saman gegn ofbeldi, sérstakur bæklingur um málið, var gefinn út nýverið og má nálgast á heimasíðu Reykjavíkurborgar og hjá Samtökunum '78.

FRÍAR KYNLÍFS- OG TÚRVÖRUR

Frá síðasta starfsári hafa Samtökin '78 boðið upp á fría smokka í samstarfi við Durex í húsnæði sínu. ásamt því að bjóða upp á fríar túrvörur og afslátt af mánabikarnum. Vörunum er ætlað að stuðla að bættu kynheilbrigði hinsegin fólks sem til Samtakanna leita.

GALLERÍ 78

Frá stofnun og fyrstu sýningu Gallerí 78 í október árið 2015 til haustsins 2019 var starfseminni stýrt af ljóðskáldinu og listunnandanum Ásdísi Óladóttur og Dr. Yndu Eldborg list- og safnafræðingi. Sú breyting varð þó haustið 2019 að Ásdís hvarf á braut til annarra starfa í þágu hinsegin myndlistar og eru henni hér með færðar bestu þakkir fyrir ómetanlegt framlag í þágu hinsegin myndlistarfólks og hinsegin myndlistar.

Við þessi umskipti var stofnað galleríteymi til að halda utanum sýningarnar og rótera sýningarstjórn innan hópsins. Þetta fyrirkomulag lofar góðu auk þess sem nú er hægt að deila þekkingu og reynslu til þeirra sem eru að stíga sín fyrstu skref í sýningarstjórnun. En það er verk sem er bæði flókið og tímafrekt og er meira verk en að kaup nokkra nagla og henda upp verkum. Í galleríteyminu eru Katrín Sirru, myndlistarmanneskja; Logn Draumland, myndlistarmanneskja; Margrét Ása Jóhannsdóttir, safnafræðingur; Regn Sól Evud., myndlistarmanneskja og Dr. Ynda Eldborg safna- og listfræðingur. Fyrsti fundur teymisins var haldinn 9. september 2019.

Tilgangur gallerísins er að skapa hinsegin listafólki öruggt rými til að sýna og fjalla um verk sín auk þess að efna til samtals við listunnendur, íslenskt samfélag, erlent myndlistafólk og myndlistarfólk utan hinsegin fjölskyldunnar sem styður mannréttindabaráttu hinsegin fólks. Auk þess að vera þátttakandi í baráttu um menningarlegan sýnileika er Gallerí 78 hluti af róttækri hinsegin baráttu m.a. vegna þess að með sýnileika myndlistarinnar, Gallerísins og sýningarstjórana er tekin hörð afstaða gegn því ofbeldi sem hinsegin fólk sætir víða um heim og á Íslandi.

Misjafnt er hversu margir gestir koma á opnanir en að meðaltali eru það um 25 – 30 manns. Þar er um að ræða blandaðan hóp hinsegin fólks og stuðningsfólks þeirra þar sem ættingjar og vinir listafólksins sem sýnir hverju sinni eru oft í meirihluta.

Stöðugt færist í vöxt að listafólk hafi samband við galleríteymið að fyrri bragði sem bendir til þess að okkur sé að vaxa fiskur um hrygg og er galleríið bókað þar til í ágúst 2022.

Sýningar 2019–2020

- 27. apríl 2019 – 29. júní 2019 – Reynir Katrínar
- 24. ágúst 2019 – 12. október 2019 – Sólrún Trausta Jónsdóttir
- 19. október 2019 – 6. janúar 2020 – Ylva Frick
- 18. janúar 2020 – 14. Mars 2020 – Sólveig M. Jónsdóttir

Haldið verður áfram að kynna erlent listafólk og verður síðasta sýningin fyrir sumarfrí á verkum bresku hinsegin femínistans Rachael House. Er hún væntanleg til landsins í tilefni af sýningunni sem opnar 16. maí 2020.

Listafólkið sem sýnt hefur í Galleríinu fær sérstakar þakki fyrir framlag sitt og óeigingjarna vinnu við uppsetningar sýninga og kynningarstarf. Án þeirra væri starfsemin ekki svipur hjá sjón. Einnig er Samtökunum 78, stjórn félagsins og sérstaklega Daníel framkvæmdastjóra og Heiðrún skrifstofustjóra þakkað samstarfið og liðlegheit.

HINSEGIN MYNDLISTARSÝNINGAR OG FYRIRLESTRAR

UTAN SVIGA: MYNDLIST OG SAMTÖKIN '78

Þann 31. maí 2019 opnaði sýningin *Utan sviga: Myndlist og Samtökin '78* á Reykjavíkurtorgi menningarhússins í Grófinni, Tryggvagötu 15. Sýningin var fyrsta yfirlitssýning á verkum hinsegin myndlistarfólks sem haldin er á Íslandi. Sýningin rakti þessa sögu í stórum dráttum frá því að myndlistarsýningar hófust í húsakynnum Samtakanna '78 árið 1985. Sýningarstýra var Dr. Ynda Eldborg. Sýningin var unnin í samvinnu við Borgarskjalasafn Reykjavíkur og Borgarbókasafnið sem kynnti bækur um hinsegin myndlist og myndlistarfólk. Einnig komu Samtökin '78 að undirbúningi. Boðið var uppá leiðsagnir í tengslum við sýninguna. Verkefnið var styrkt af Mannréttinda- og lýðræðisráði Reykjavíkur. Sýningunni lauk 18. ágúst 2019 og hlaut fína kynningu í Tengivagni RÚV.

Eftirfarandi listafólk tók þátt í sýningunni:

Anna Sigríður Sigurjónsdóttir, Berge og Ohldieck, Böðvar Björnsson og Valgarður Gunnarsson, Karla Dögg Karlsdóttir, Magnús Þorgrímsson, Reynir Katrínarson, Sólrún Jónsdóttir, Sólveig M. Jónsdóttir, Unnur Bragadóttir, Valtýr Þórðarson, Dilli og Örn Karlsson. Að auki var myndlistarmannsins Þormóðs Karlssonar, Móða, minnst á sýningunni.

REGNBOGABRAUT: FALIN SAGA Í 1200 ÁR

Sýningin *Regnbogabraut: Falin saga í 1200 ár* stóð yfir í Neskirkju frá 11. ágúst til 31. október. Í sýningunni sóttu Hrafnkell Sigurðsson, Logn Draumland og Viktoría Guðnadóttir innblástur í *Regnbogaþráðinn* sem er hinsegin leiðsögn í gegnum grunnsýningu Þjóðminjasafnsins, *Þjóð verður til*, og opnaði í nóvember 2018. Sýningarstýra var Dr. Ynda Eldborg. Að sýningunni komu Sjónlistaráð Neskirkju og Þjóðminjasafnið með þátttöku Hinsegin daga.

OPINBERIR FYRIRLESTRAR UM HINSEGIN MYNDLIST Á ÁRINU

Ynda Eldborg	<i>Hinsýnir</i> fyrir nemendur í Kynjafræði í mars 2019.
Ynda Eldborg	<i>Queer Art and Artists: Aspects of Cultural Values</i> , Hin hugvísindin HÍ mars 2019.
Ynda Eldborg	<i>Queer Art: Documenting Hidden Histories</i> , Art on the Edges – ráðstefna myndlistarbókavarða, júní 2019.
Ynda Eldborg	<i>Þagnarsaga hinsegin myndlistar á Íslandi 1983 – 2019</i> , Fræðsluerindi Samtakanna '78 á Hinsegin dögum 2019.
Ynda Eldborg	<i>Regnbogabraut: Falin saga sögð með myndlist</i> , Þjóðminjasafn Íslands, október 2019.
Ynda Eldborg	<i>Regnbogabraut og verk Hrafnkels, Logns og Viktoríu</i> , Neskirkja október 2019.

SAMTÖKIN '78 Á HINSEGIN DÖGUM

Líkt og á hverju ári tóku Samtökin '78 þátt á Hinsegin dögum, bæði með þátttöku í fræðsluerindum, atriði í Gleðigöngunni og málun regnbogalitana á Klapparstíg. Þökkum við Hinsegin dögum fyrir stórfenglega hátíð að vanda og óskum þeim til hamingju með 20 ára afmælið.

ÞÁTTTAKA Í DAGSKRÁ

Stjórnarfolk Samtakanna lagði sannarlega sitt af mörkum í dagskrá hátíðarinnar. Þorbjörg Þorvaldsdóttir, formaður Samtakanna '78, hélt erindi um hinsegin fólk og hatursorðræðu, Unnsteinn Jóhannsson, varaformaður Samtakanna '78, stýrði umræðuhóp um hinsegin barneignir sem Sigríður Birna Valsdóttir, ráðgjafi Samtakanna '78, tók þátt í og Daníel E. Arnarsson, framkvæmdastjóri Samtakanna '78, hélt erindi um hinsegin hælisleitendur. Þá skipulagði Guðrún Häsler, ráðgjafi Samtakanna '78, fræðsluerindi um geðheilsu hinsegin ungmenna. Þjarnardís Tómasdóttir, ritari Samtakanna '78, hélt hýra húslestra fyrir troðfullum sal í Tjarnarbíói og vöktu þeir vægast sagt lukku.

GLEÐIGANGAN

Í ár gengu Samtökin '78 í Gleðigöngunni undir yfirskriftinni *Ekki frjáls fyrr en öll eru frjáls* og *Hinsegin samstaða*, til að undirstrika mikilvægi samstöðu innan hinsegin samfélagsins.

JÓLABINGÓ

Jólabingó félagsins var haldið með pompi og prakt í Vinabæ þann 8. desember 2019, eins og venja er á hverju ári. Heiðrún Fivelstad sá um skipulagningu og söfnun vinninga. Verðmæti vinninga voru um eina og hálf milljón króna. Bingóið var vel sótt og dragdrottningarnar Faye Knús og Agatha P. héldu uppi fjörinu, ásamt því að vera bingóstjórar. Samtals safnaðist 675.000 kr og allur ágóði rann til Samtakanna '78.

STARFSEMI Í REGNBOGASAL

Á árinu var mikið líf í Regnbogasalnum að venju. Hinsegin félagsmiðstöð Samtakanna '78 og Tjarnarinnar var þar starfrækt fram að sumri, en þá fluttist hún yfir í Spennistöðina. Að auki voru fastir fundir og viðburðir ýmissa hagsmunafélaga og starfshópa, svo sem Q – kvöld og vísindaferðir Q – félag hinsegin stúdenta, stuttmyndasýning á vegum Intersex Íslands, bindinganámskeið á vegum BDSM á Íslandi og svo lengi mætti telja.

Einnig fór fram ýmis önnur starfsemi í salnum, svo sem stuðningshópar trans ungmenna, aðstandenda, hinsegin kvenna, hinsegin karla og trans kvenna, listsýningar Gallerí 78, bókmenntaklúbbur og opin hús. Að auki fóru fram ýmsir nefnda- og starfshópafundir með fjölbreytt málefni á broddi.

Á starfsárinu fóru nokkrir viðburðir fram á vegum Samtakanna '78, þar helst að nefna jólabingó, alþjóðleg kvöld, ráðstefnan Trans til framtíðar, Partý gegn Pence, sjálfboðaliðakvöldverður og fræðsluviðburðir á borð við Hver er minn réttur, Hvert er mitt hlutverk, Hinsegin paradísín Ísland, Samtal kynslóðanna: Hinsegin konur og Kjaftað með kennurum. Til þess voru leigðir salir hjá Vinabæ, Tin Can Factory, Norræna húsinu og Þjóðminjasafninu.

JÓLAGLÖGG OG BÓKMENNTASPJALL

Það var aldeilis notaleg stemmning á jólaglögg og bókmenntaspjalli Samtakanna sem haldið var einn kaldan fimmtudag fyrir jól, eða 12. desember. Jónína Leósdóttir og Lilja Sigurðardóttir komu á Suðurgötu 3, og lásu við kertaljós og jólaseríur úr nýútkomnum bókum sínum. Þær spjölluðu svo langa stund við gesti um allt milli himins og jarðar en aðallega bókmenntir og hinsegin veröld. Við þökkum þeim Jónínu og Lilju hjartanlega fyrir.

HINSEGIN FJÖLSKYLDUMORGNAR

Á starfsárinu voru haldnir reglulegir fjölskyldumorgnar fyrir hinsegin fjölskyldur. Á fjölskyldumorgnum koma hinsegin fjölskyldur saman með börnunum sínum og njóta góðrar stundar. Sólveig Rós sá um skipulagningu morgnana. Góð mæting er á fjölskyldumorgnana og mikil ánægja ríkir með samveruna.

ALPJÓÐLEG KVÖLD – INTERNATIONAL EVENINGS

Á starfsárinu voru haldin regluleg alþjóðlega kvöld, sem ætluð eru til að skapa vettvang fyrir hinsegin fólk af erlendum uppruna til að hittast og njóta góðrar stundar. Todd Kulczyk sá um skipulagningu og utanumhald kvöldanna. Þau voru haldin á Curious – queer bar að Hafnarstræti og var mæting þokkaleg.

REGNBOGAPRÁÐURINN

Regnbogapráður, hinsegin vegvísir um grunnsýningu Þjóðminjasafns Íslands, Þjóð verður til – menning og samfélag í 1200 ár, var opnaður í nóvember 2018. Um var að ræða samstarfsverkefni Samtakanna '78 og Þjóðminjasafns Íslands í tilefni af 40 ára afmæli Samtakanna. Um verkefnastjórn fyrir hönd Samtakanna sáu Ásta Kristín Benediktsdóttir, Íris Ellenberger og Ynda Eldborg.

Práðurinn er enn opinn og í boði fyrir alla gesti safnsins. Á árinu 2019 fór fram ýmiss konar kynning á vegvísinum. Á Safnanótt í febrúar var boðið upp á „óritskoðaða útgáfu“ á Þjóðminjasafninu en þá leiddu verkefnastýrur gesti safnsins í gegnum sýninguna og fræddu þá um ýmislegt sem ekki rataði í endanlega útgáfu Regnbogapráðarins. Í lok júní hélt Íris Ellenberger erindi um hugmynda- og kenningalegan grunn Regnbogapráðarins og útfærslu hans á ráðstefnunni ALMS 2019 – Queering Memory í Berlín. Verkefnið hlaut mikið lof ráðstefnugesta en þarna var samankomið fræða- og safnafólk víðs vegar að úr heiminum.

REYKJAVÍKURMARAFONID

Samtökin '78 voru eitt þeirra félaga sem hlauparar gátu valið að styrkja í Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka í sumar. 33 einstaklingar hlupu fyrir hönd Samtakanna '78. Samtals söfnuðust 710.469 kr. og þökkum við bæði hlaupurunum og þeim sem hétu á þau hjartanlega fyrir stuðninginn.

HULDUKONUR

Huldukonur – Hinsegin kynverund kvenna í íslenskum heimildum 1700–1960 er heimildaverkefni sem miðar að því að safna og miðla heimildum um hinsegin konur og varpa ljósi á hvernig hinsegin kynverund kvenna var mótuð og tjáð fyrir tíma nútíma sjálfsmyndarhugtaka á borð við t.d. *lesbía* eða *tvíkynhneigð*. Verkefnið fékk styrk úr Jafnréttissjóði 2017, Nýsköpunarsjóði námsmanna 2018 og Þróunarsjóði námsgagna 2018. Með umsjón þess fara Íris Ellenberger, Hafdís Erla Hafsteinsdóttir og Ásta Kristín Benediktsdóttir.

Í lok júní hélt Ásta erindi um verkefnið á ráðstefnunni ALMS 2019 – Queering Memory í Berlín en þar var samankomið safna- og fræðafólk víðs vegar að úr heiminum. Huldukonurnar vöktu þónokkra athygli og fengu góðar viðtökur. Verkefninu er að mestu lokið og afrakstur þess hefur verið gerður aðgengilegur á vefnum www.huldukonur.is. Vefurinn var formlega opnaður 10. janúar 2020 á Suðurgötu 3.

SVONA FÓLK – HEIMILDARÞÁTTARÖÐ

Í vetur 2019 hófust sýningar á heimildarþáttaröðinni *Svona fólk* eftir Hrafnhildi Gunnarsdóttur á RÚV – sjónvarpi allra landsmanna. *Svona fólk* fjallar um baráttu íslenskra homma og lesbía fyrir fullum lagalegum mannréttindum og hófust tölur á þáttunum árið 1992. Í kjölfarið var opnuð heimasíða sem hýsir efni þáttanna ásamt aukafni, www.svonafolk.is. Þættirnir eru ómetanleg heimild um réttindabaráttu homma og lesbía á Íslandi og vöktu mikla athygli landsmanna. Samtökin '78 þakka Hrafnhildi fyrir framlag hennar til heimildarsöfnunar á sögu sem án hennar hefði eflaust ekki litið dagsins ljós.

TRANS BÖRN – HEIMILDARÞÁTTARÖÐ

Í febrúar 2020 hófust sýningar á heimildarþáttaröðinni *Trans börn* á Stöð 2. Þættirnir voru sýndir í þremur hlutum þar sem fjórum íslenskum fjölskyldum trans barna var fylgt eftir yfir tveggja ára tímabil. Í þáttunum var rætt við Sigríði Birnu Valsdóttur, ráðgjafa Samtakanna '78, um málefni trans barna. Þættirnir vöktu mikla athygli og þakka Samtökin '78 framleiðendum þáttanna, Sveini Benedikt Rögnvaldsson og Sigrúnu Ósk Kristjánsdóttur ásamt Stöð 2 fyrir framlag sitt til málefna trans barna.

MINNINGARDAGUR TRANS FÓLKS

20. nóvember 2019 var minningardagur trans fólks haldinn á vegum Trans Íslands til að minnast trans fólks sem hefur verið myrt vegna kynvitundar sinnar eða tekið eigið líf. Trans Ísland hefur skipulagt dagskrá á minningardeginum frá árinu 2007. Í tilefni dagsins voru litir trans fánans tendraðir á Hörpu og dagskrá haldin í Ráðhúsi Reykjavíkur.

ÁTAK OG MINNINGARDAGUR UM INTERSEX FÓLK

Í lok október og byrjun nóvember stóðu Samtökin '78, Intersex Ísland og Amnesty International fyrir 10 daga átaki um málefni intersex fólks í tilefni af minningardegi intersex fólks, 8. nóvember. Átakið fór fram á samfélagsmiðlum í aðdraganda minningardagsins. Í lok átaksins hélt Intersex Ísland sýningu á stuttmyndinni XY eftir Önnu Karín Lárusdóttir.

GUÐRÚN ÖGMUNSDÓTTIR SÆMD HEIÐURSMERKI

Í nóvember 2019 sæmdu Samtökin '78 Guðrúnu Ögmundsdóttur formlega heiðursmerki Samtakanna '78 fyrir baráttu hennar í þágu réttinda hinsegin fólks og fyrir að vera ötul samstarfskona Samtakanna alla tíð. Guðrún var sæmd heiðursmerkinu við hátíðlega og fallega athöfn.

STONEWALL 50 ÁRA

Árið 2019 markaði sögulegt ár í réttindabaráttu hinsegin fólks þar sem 50 ár voru liðin frá Stonewall uppreisninni gegn lögregluofbeldi sem gjarnan er talin marka upphaf réttindabaráttunnar.

Í tilefni afmælisins heiðruðu Samtökin '78 í samstarfi við Trans Ísland Stonewall daginn 28. júní með veglegri dagskrá. Boðið var upp á leiðsögn Dr. Yndu Eldborg um listasýninguna *Út fyrir sviga: Myndlist og Samtökin '78*, Agnes Jónasdóttir flutti fyrirlestur um Stonewall uppreisnina og gestir tóku þátt í útigjörningi í anda óeirðanna. Í lok dags var boðið í kokteilpartý þar sem skálað var fyrir þessum tímamótum.

TRANS TIL FRAMTÍÐAR

14. september 2019 héldu Samtökin '78 í samstarfi við Transteymi LSH og Trans Ísland ráðstefnu um málefni trans fólks á Íslandi í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur. Tilgangurinn með ráðstefnunni var að fræða heilbrigðisstarfsfólk, kennara og aðra sem koma að málefnum trans fólks í starfi sínu og gefa öllum tækifæri til að kynnast málaflokknum.

Tveir sérfræðingar á sviðinu Jamison Green, bandarískur fyrrum formaður WPATH, og Annelou DeVries, hollenskur geðlæknir sem hefur rannsakað og meðhöndlað trans börn í Hollandi, héldu erindi ásamt fulltrúum frá Trans Ísland, Samtökunum '78 og Landsteymi LSH. Ráðstefnan gekk með endemum vel og þökkum við öllum þeim sem tóku þátt og deildu sinni þekkingu.

ALPJÓÐAHEILBRIGÐISMÁLASTOFNUNIN FJARLÆGIR TRANS AF LISTA GEÐSJÚKDÓMA

Í maí 2019 bárust þær stófréttir frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (W.H.O.) að trans væri yrði nú fjarlægt af lista yfir geðsjúkdómagreiningar á árlegri samkomu stofnunarinnar laugardaginn 25. maí síðastliðinn. Er því trans ekki lengur álitinn geðsjúkdómur af heilbrigðisstofnuninni. Þá var stofnaður nýr greiningarflokkur um kynheilsu sem trans fellur undir. Breytingin markar þáttaskil í réttindabaráttu trans fólks.

GUÐRÚN ÖGMUNSDÓTTIR LÁTIN

Í lok árs 2019 lést Guðrún Ögmundsdóttir, fyrrum borgarfulltrúi og alþingismaður, á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Guðrún var alla tíð ötul bandakona hinsegin fólks á Íslandi og var m.a. sæmd heiðursmerki Samtakanna '78 í september 2019. Þökkum við Guðrúnu innilega fyrir ómetanlegt framlag sitt.

ÞÓRIR BJÖRNSSON LÁTINN

Einn af stofnendum og elsti félagsmaður Samtakanna '78, Þórir Björnsson, lést 27. apríl 2019. Hann tók virkan þátt í félagsstarfi Samtakanna '78 alla tíð og var ávallt áberandi í Gleðigöngu Hinsegin daga. Við þökkum Þóri innilega fyrir framlag sitt til baráttu hinsegin fólks á Íslandi.

HINSEGIN AUSTURLAND STOFNAÐ

Í lok árs 2019 bárust þau gleðitíðindi frá Austurlandsfjórðungi að til stæði að stofna þar samtök hinsegin fólks. Þann 28. desember 2019 var haldinn stofnfundur og fór fræðslustýra Samtakanna, Tóttla I. Sæmundsdóttir, til Egilsstaða fyrir hönd Samtakanna '78 og hélt ræðu við tilefnið. Þess má einnig geta að Tóttla sat í dómnefnd í fyrstu dragkeppni Hinsegin Austurlands ásamt Páli Óskari Hjálmtýssyni og Haffa Haff sem fór fram síðar um kvöldið.

HANDTAKA Á HINSEGIN DÖGUM

Elínborg Harpa Önundardóttir var á leið að hitta vini sína þegar hún var handtekin á Hinsegin dögum, undir þeim formerkjum að hún væri á lokuðu svæði. Allt bendir til þess að lögregla hafi handtekið hana þar sem Elínborg er þekktur aðgerðarsinni. Samtökin '78, Trans Ísland og Hinsegin dagar hafa átt fundi um málið ásamt Elínborg Hörpu og unnið er að verkferlum og leiðbeiningum hvernig samskipti Hinsegin daga og lögreglunnar sé háttað.

HOMMA NEITAÐ UM INNGÖNGU Á SKEMMTISTAÐ

Í júlí 2019 var Numa Sveinssyni meinaður aðgangur á Austur vegna kynhneigðar sinnar. Að sögn Numa hélt dyravörður skemmtistaðarins því fram að samkynhneigðir væru ekki leyfðir á staðnum og meinaði honum í kjölfarið inngöngu. Í kjölfar fréttaumfjöllunar var dyraverðinum sagt upp störfum.

GHETTO HOOLIGANS SYNGJA NÍÐSÖNG UM HOMMA

Í maí 2019 var myndbandi deilt á netið þar sem sjá mátti stuðningslið ÍR, Ghetto Hooligans, kyrja að það væru „hommar í KR“. Í kjölfarið báðust Ghetto Hooligans afsökunar og hlutu fræðslu frá Samtökunum '78 um hinsegin málefni og íþróttir.

TRANSTEYMI BUGL LAGT NIÐUR

Í byrjun árs 2020 bárust þær fréttir að leggja yrði trans teymi Barna- og unglingageðdeildar Landspítalans niður, sem þjónustar trans ungmenni og aðstandendur þeirra, sökum mannekle. Gengur þetta þvert á 13. grein laga um kynrænt sjálfræði, sem kveður á um starfsemi trans teymis á barna- og unglingageðdeild Landspítalans sem þjónusta á trans ungmenni undir sjálfræðisaldri. Samtökin '78, Trans Ísland og Trans vinir hafa í kjölfar fréttanna fundað reglulega með BUGL vegna málsins.

HINSEGIN PAR ÁVÍTT Í GRAFARVOGSLAUG

Í febrúar 2020 fengu samkynja parið Steina Natasha Daníelsdóttir og Kolbrún Ósk Ólafsdóttir tiltal frá starfsmanni Grafarvogslaugar eftir að hafa deilt kossi í sundlauginni. Sundlaugargestur hafði þá kvartað í starfsmann sem tilkynnti síðar parinu að sundlaugargestur upplifði hegðun þeirra óviðeigandi. Er þetta ekki í fyrsta skipti sem slíkar frásagnir berast frá Grafarvogslaug.

HÁMARKSGEYMSLUTÍMI KYNFRUMA LENGDUR

Í nóvember 2019 var reglugerðum um hámarksgeymslutíma kynfruma breytt úr tíu árum í tuttugu. Ákvörðun heilbrigðisráðherra um að lengja hámarksgeymslutíma kynfruma styður við framkvæmd laga um kynrænt sjálfræði og er breytingin einkum til hagsbóta fyrir ungt fólk sem af einhverjum ástæðum vilja geyma kynfrumur sínar lengur en nú er heimilt, til dæmis vegna kynleiðréttingarferlis.

ÍSLENDINGAR JÁKVÆÐASTIR ÞJÓÐA GAGNVART HINSEGIN FÓLKI

Samkvæmt könnun The Legatum Prosperity Index sem kom út í nóvember 2019 eru Íslendingar jákvæðastir þjóða gagnvart hinsegin fólki, en könnunin náði til 167 þjóða. Einnig sýndu niðurstöður að umburðarlyndi gagnvart hinsegin fólk hefur aukist nánast í öllum heimshlutum á síðasta áratugi, sem eru miklar gleðifréttir.

UGLA STEFANÍA Á ÁRLEGUM LISTA BBC YFIR ÁHRIFAMESTU KONUR HEIMS

Á árinu 2019 var formaður Trans Íslands, Ugly Stefanía Kristjónudóttir Jónsdóttir, á lista BBC yfir hundrað áhrifamestu konur ársins. Í umfjöllun um Uglu kemur fram að hún sé blaðamaður, rithöfundur og trans baráttukona. Hún vinnur að verkefnum tengdum lífi trans fólks, til að mynda kvikmyndaverkefninu *My Generation*. Meðal annarra kvenna sem eru á listanum í ár er aðgerðasinninn Greta Thunberg og bandaríska þingkonan Alexandria Ocasio-Cortez.

HINSEGIN DAGAR 20 ÁRA

Árið 2019 var merkisár í sögu Hinsegin daga, en þá varð hátíðin 20 ára. Í júní 1999 komu 1.500 gestir saman til að sýna samstöðu og berjast fyrir auknum sýnileika og réttindum hinsegin fólks í íslensku samfélagi. Rúmu ári síðar var svo fyrsta gleðigangan gengin en með henni fylgdust allt að 12.000 gestir, sem var langt umfram björtustu vonir skipuleggjenda hennar. Gleðigangan hefur verið árviss viðburður síðan og er í dag ein fjölsóttasta hátíð á Íslandi. Í tilefni afmælisársins var haldin lengri hátíð með pompi og prakt og óska Samtökin '78 Hinsegin dögum innilega til hamingju með afmælisárið.

SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR MÁLAÐUR REGNBOGALITUM VARANLEGA

Í byrjun júní 2019 tók borgarstjórn ákvörðun um að mála götu varanlega í regnbogalitum til að marka samstöðu Reykjavíkurborgar með hinsegin fólki, sem samþykkt var einróma. Í ágúst var Skólavörðustígur málaður regnbogalitunum og mun bera þá um ókomna framtíð.

KÖNNUN UM HINSEGIN FÓLK OG ATVINNULÍFIÐ Á VEGUM HINSEGIN DAGA

Í aðdraganda hátíðar Hinsegin daga söfnuðu Hinsegin dagar gögnum um upplifun hinsegin fólks af atvinnumarkaði. Könnunin var kynnt á fræðslufundi sem opnaður var af Katrínu Jakobsdóttur, forsætisráðherra. Í könnuninni komu fram ýmsar hindranir sem hinsegin fólk upplifir á atvinnumarkaði sökum hinseginleika.

ALMENNT UM RÉTTINDABARÁTTUNA Á ÍSLANDI

Þótt íslenskt samfélag sé komið langt á veg hvað varðar réttindi hinsegin fólks er enn töluvert í land þar til fullum jöfnuði er náð. Þá verður að muna að lagalegt jafnrétti er eitt, en viðhorf og lífsgæði annað. Þessi atriði haldast ekki alltaf í hendur og víða um heim býr fólk við neikvæð viðhorf, andúð, misrétti og ofbeldi þótt lagaleg staða sé bærileg. Annars staðar er þessu mögulega öfugt farið og sumsstaðar eru allir þessir þættir í ólestri. Gott og hinseginvænt laga- og regluverk þarf að vera til staðar en það eitt og sér tryggir ekki endilega að fólki sé ekki mismunað. Drjúgur hluti af starfsemi Samtakanna '78 snýst einmitt um að berjast fyrir réttindum hinsegin fólks gagnvart lögum og framkvæmd þeirra.

UMSAGNIR UM FRUMVÖRP, REGLUGERÐIR OG TILLÖGUR

Samtökin '78 skrifuðu umsagnir um eftirfarandi þingskjöl á starfsárinu. Umsagnirnar voru bæði unnar sjálfstætt og með eða í samráði við önnur félög.

20. MARS 2019

Samtökin '78 skrifuðu langa og harðorða umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum þar sem til stóð að þrengja ákvæði um hatursorðræðu og þar með minnka refsivernd minnihlutahópa (pskj. 896, 543. mál). Samtökin '78 höfðu forgöngu um að fjöldi mannréttindasamtaka tók sig saman og skrifaði umsagnir gegn frumvarpinu. Frumvarpið var ekki afgreitt úr allsherjar- og menntamálanefnd.

24. APRÍL 2019

Samtökin '78 skrifuðu umsögn um frumvarp forsætisráðherra til laga um kynrænt sjálfræði (pskj. 1184, 752. mál). Samtökin fögnuðu lögunum, en bentu einnig á að þau tryggðu intersex börnum ekki nauðsynlega vernd gegn ónauðsynlegum inngripum í kyneinkenni þeirra. Í kjölfar þess að Samtökin '78, Trans Ísland og Intersex Ísland fóru á fund allsherjar- og menntamálanefndar, sendu þessi þrjú félög inn tillögu að viðbót við lög um kynrænt sjálfræði, sem byggði á upprunalegum drögum laganna sem hefðu tryggt intersex börnum líkamlega friðhelgi.

4. NÓVEMBER 2019

Samtökin '78 skrifuðu umsögn um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum 2020–2023. Við gagnrýndum m.a. þá staðreynd að áætlunina átti að byggja á lögum um jafnan rétt karla og kvenna, þar sem hvergi er gert ráð fyrir einstaklingum utan kynjatvíhyggjunnar.

17. FEBRÚAR 2020

Samtökin '78 skrifuðu umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum sem felur í sér útvíkkun ákvæðis um refsivernd gegn hatursorðræðu þannig að það nái einnig til kyntjáningar og kyneinkenna (pskj. 578, 422. mál). Samtökin '78 fagna frumvarpinu.

YFIRLÝSINGAR

YFIRLÝSING OG ÁSKORUN VEGNA ÁSTANDSINS Í PÓLLANDI

Síðastliðið sumar sendu Samtökin '78 og Hinsegin dagar út yfirlýsingu og áskorun vegna stöðu hinsegin fólks í Póllandi. Tilefni yfirlýsingarinnar var sú að andúð á hinsegin fólki hafði náð áður óþekktum hæðum í Póllandi fyrir tilstilli ríkisstjórnar landsins, marga sveitar- og borgarstjórna og kaþólsku kirkjunnar. Stjórnmalafólk og trúarleiðtogar höfðu nýtt dagskrárvald sitt til þess að viðhafa hatursfull ummæli og ýta undir ranghugmyndir um hinsegin fólk. Í gleðigöngu borgarinnar Bialystok var hinsegin fólk beitt grófu ofbeldi af hálfu mótmælenda og ljóst er að hinsegin fólk í landinu býr við verulega ótryggt ástand, aukna jaðarsetningu og hættu á ofsóknum. Samtökin ásamt Hinsegin dögum skoruðu á utanríkisráðherra Íslands, Guðlaug Þór Þórðarson og ríkisstjórnina að fordæma hatursáróður pólskra stjórnvalda gegn hinsegin fólki og hvetja þau til að hverfa frá þeirri fjandsamlegu stefnu sem þau hafa markað sér. Stjórnvöld hafa ekkert aðhafst, svo vitað sé.

YFIRLÝSING VEGNA NÝSAMÞYKKRA LAGA UM KYNRÆNT SJÁLFRÆÐI

18. júní 2019, sama dag og lög um kynrænt sjálfræði voru samþykkt á Alþingi gáfu Samtökin '78, Trans Ísland og Intersex Ísland út sameiginlega yfirlýsingu þar sem samþykki laganna var fagnað. Lög um kynrænt sjálfræði eru enda mikil réttarbót fyrir trans og intersex fólk. Meginbreytingar laganna felast í hlutlausri kynskráningu og breytingu á kynskráningu einstaklinga.

Á sama tíma og samþykki laganna var fagnað í yfirlýsingunni lýstu Samtökin '78, Trans Ísland og Intersex Ísland yfir vonbrigðum varðandi skort á lagaákvæði hvað varðar óafturkræfar aðgerðir á intersex börnum ásamt þeirri ákvörðun að fjarlægja lögbundið samráð við hagsmunafélög og hækkun aldurstakmarks fyrir nafna- og kynskráningarbreytingu án aðkomu foreldra eða sérfræðinefndar.

LÖG UM KYNRÆNT SJÁLFRÆÐI

18. júní 2019 voru ný lög um kynrænt sjálfræði samþykkt á Alþingi. Samtökin '78, Trans Ísland og Intersex Ísland fögnuðu lögunum af öllu hjarta, enda fela þau í sér ákaflega mikilvæga réttarbót fyrir trans og intersex fólk á Íslandi. Umræðan sem fram fór á Alþingi, bæði á vettvangi allsherjar- og menntamálanefndar sem og á þingfundum, var að mestu málefnaleg og góð.

Meginbreytingarnar sem í lögunum felast eru tvær: Sú fyrri er hlutlaus kynskráning, þ.e. að hægt verður að skrá sig sem hvorki karl né konu – táknað með X á skilríkjum. Seinni meginbreytingin er að fólki verður frjálst að gera breytingar á kynskráningu sinni án þess að þurfa fyrst greiningu á svokölluðum „kynáttunarfanda“ af hendi heilbrigðiskerfisins með tilheyrandi biðtíma og óvissu. Börn undir 18 ára aldri munu jafnframt geta skráð sitt rétta kyn og nafn í Þjóðskrá með samþykki foreldra. Ef samþykki foreldra liggur ekki fyrir geta þau leitað til sérstakrar sérfræðinefndar.

Lög um kynrænt sjálfræði eru afar nauðsynlegt og gott skref fram á við. Við verðum þó að horfast í augu við það að Alþingi lét tækifæri til þess að smíða framúrskarandi löggjöf í málefnum hinsegin fólks renna sér úr greipum við meðferð málsins. Við viljum koma á framfæri vonbrigðum með ákveðna hluta laganna sem við teljum að hefðu mátt betur fara.

Í fyrsta lagi ber að nefna málefni intersex barna, sem hljóta ekki þegar í stað vernd gegn þeim mannréttindabrotum sem ónauðsynleg og óafturkræf inngríp í líkama þeirra eru. Einnig má nefna aðrar breytingar sem gerðar voru í meðferð málsins, t.d. þá ákvörðun að fjarlægja lögbundið samráð við hagsmunafélög og hækkun aldurstakmarks fyrir nafna- og kynskráningarbreytingu án aðkomu foreldra eða sérfræðinefndar, en í frumvarpinu sem lagt var fram til fyrstu umræðu var miðað við frjálssa kynskráningu frá 15 ára aldri.

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, skipaði tvo starfshópa á grunni laganna. Hóparnir eru skipaðir í samræmi við bráðabirgðaákvæði í lögnum og munu fjalla um tiltekin viðfangsefni og skila tillögum sínum innan árs. Nánar er um starfshópana og nefndir undir samnefndum kafla.

Enn er ýmislegt sem þarf að bæta þegar kemur að réttarstöðu hinsegin fólks héraendis og vonumst við til þess að á næstu árum verði Ísland í fararbroddi þegar kemur að réttarstöðu alls hinsegin fólks. Við þökkum öllum sem hafa lagt okkur lið í baráttunni og fögnum þessu mikla framfaraskrefi sem hér hefur verið stigið. Við vonumst til þess að það verði stigið til fulls sem allra fyrst.

AÐILD AÐ MANNRÉTTINDASKRIFSTOFU ÍSLANDS

Samtökin '78 eiga aðild að Mannréttindaskrifstofu Íslands. Fulltrúi okkar í stjórn er Daníel E. Arnarsson framkvæmdastjóri og varafulltrúi er Þorbjörg Þorvaldsdóttir formaður.

GREINASKRIF

SVONA FÓLK OG SAMTÖKIN '78

Þáttaröðin *Svona fólk* sem sýnd var á RÚV í vetur vakti verðskuldaða athygli landsmanna og spruttu ýmsar umræður út frá þeim, enda merkilegir þættir sem skoða má frá ýmsum sjónarhornum. Ein umræðan snerist um að Samtökin '78 ynnu ekki lengur í þágu homma og lesbía. Í grein sem birtist á Vísi 3. nóvember 2019 undir yfirskriftinni *Svona fólk og Samtökin '78* svöruðu Þorbjörg Þorvaldsdóttir, formaður, og Daníel E. Arnarsson, framkvæmdastjóri, þeirri gagnrýni. Í greininni undirstrikuðu þau að Samtökin '78 ynnu í hag alls hinsegin fólks, þar á meðal homma og lesbía.

EKKI SÉNS, MIKE PENCE

Formaður Samtakanna '78 skrifaði grein þar sem hún gagnrýndi (þá) fyrirhugaða heimsókn varaforseta Bandaríkjanna til Íslands. Greinin birtist 11. ágúst 2019 á Vísi.

VIÐ ERUM REGNBOGINN

Í tilefni Hinsegin daga skrifaði formaður Samtakanna '78 greinina *Við erum regnboginn* sem birtist 17. ágúst 2019 á Vísi. Greinin fjallaði um samstöðu og kynnti m.a. atriði Samtakanna í Gleðigöngunni, en Samtökin '78 gengu í undir slagorðunum *Ekki frjáls fyrr en öll eru frjáls* og *Hinsegin samstaða*.

SÝNDU STUÐNING Í VERKI – VERTU REGNBOGAVINUR!

16. ágúst 2019 skrifaði framkvæmdastjóri Samtakanna '78 grein titluð *Sýndu stuðnings í verki – Vertu Regnbogavinur* sem birtist á Vísi. Í greininni kynnti framkvæmdastjóri nýtt kerfi mánaðarlega styrktaraðila Samtakanna '78.

ÞORIR ÞÚ AÐ STANDA MEÐ OKKUR?

Í tilefni Alþjóðlegs dags gegn fordómum í garð hinsegin fólks, 17. maí 2019, skrifaði formaður Samtakanna '78 grein titluð *Þorir þú að standa með okkur?*. Í greininni benti formaður á að þrátt fyrir mikinn árangur þökk sé þrotlausri baráttu er enn langt í land að Ísland sé hinsegin útópía eins og margur vill halda.

BÖRNIN SEM HAFA EKKI RÖDD

Í aðdragana þess að frumvarp um kynrænt sjálfræði yrði tekið fyrir á Alþingi skrifaði formaður Samtakanna '78 grein titluð *Börnin sem hafa ekki rödd* sem birtist 15. mars 2019 á Vísi. Í greininni fjallaði formaður um málefni intersex barna og óafturkræf inngrip í líkama þeirra og mikilvægi þess að löggin verndi mannréttindi þeirra.

HÖLDUM ÁFRAM MEÐ SAMTALIÐ

Í nóvember 2019 skrifaði Þorbjörg Þorvaldsdóttir grein sem bar titilinn *Höldum áfram með samtalið* á Vísi, sem svar við grein Solveigar Láru Guðmundsdóttur, vígslubiskups á Hólum, og Skúla Ólafssonar, sóknarprestis í Neskirkju, sem bar heitið *Kirkjan og réttindi samkynhneigðra*. Í greininni áréttaði Þorbjörg m.a. að ummæli sem höfð voru eftir henni í grein Solveigar og Skúla, um að full sátt ríkti eftir afsökunarbeiðni biskups til samkynhneigðra, væru ekki rétt. Rétt væri að hún fagnaði afsökunarbeiðninni, en enn væri langt í land að hægt væri að tala um fulla sátt. Hún sagðist þó ánægð með viðleitni kirkjunnar til sáttar og hlakkaði til samvinnu með kirkjunni í að gera upp erfiða fortíð.

HINSEGIN FÉLAGSMIÐSTÖÐ SAMTAKANNA '78 OG TJARNARINNAR

ALMENNT UM HINSEGIN FÉLAGSMIÐSTÖÐINA

Hinsegin félagsmiðstöðin hefur starfað í núverandi formi frá haustönn 2016 og starfið er öflugra en hefur nokkur tímamann verið. Hinsegin félagsmiðstöðin er rekin af tveimur starfsmönnum í hlutastarfi og sjálfboðaliðum. Starfsfólk Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar eru Hrefna Þórarinsdóttir, sem gegnir 25% stöðu forstöðustýru, og Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir, sem ráðin er tímabundið í tímavinnu frá janúar–júni 2020.

Sjálfboðaliðar eru:

Andrea Ósk Sigurbjörnsdóttir
Ásta Vigdís Guðlaugsdóttir
Ásthildur Embla Friðgeirsdóttir
Ástrós Erla Benediktsdóttir
Elías Breki Sigurbjörnsson
Guðmunda Smári Veigarsdóttir
Oktavía Hrund Jónsdóttir
Regn Sól Evu
Sandra Ósk Kristjánsdóttir

Hinsegin félagsmiðstöðin er opin alla þriðjudaga milli kl. 19:30–22:00 í Spennistöðinni við Austurbæjarskóla.

STARFIÐ OG ÞÁTTTAKA

Starf Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar hefur tekið nokkrum breytingum frá síðasta starfsári. Meðalmæting var 31,7 einstaklingur hverja opnun í mars 2019 en frá þeim tíma og fram á haust jókst mætingin til muna. Gripið var til þeirra aðgerða að fá nýtt húsnæði undir starf félagsmiðstöðvarinnar þar sem húsnæðið að Suðurgötu 3 var orðið of lítið fyrir starfseminu. Félagsmiðstöðin fékk afnot af Spennistöðinni á Barónstíg 32A á þriðjudagskvöldum og var allt starf félagsmiðstöðvarinnar fært þangað í lok ágúst 2019. Við flutningana hefur mæting í starfið margfaldast en nú í mars 2020 er meðalmæting 76,4 einstaklingar hverja opnun.

DAGSKRÁ OG AÐRIR VIÐBURÐIR

Dagskrá félagsmiðstöðvarinnar er ákveðin í samráði við þátttakendur. Hugmyndum er safnað í hverjum mánuði og reynt er eftir fremsta megni að framkvæma þá viðburði sem þátttakendur óska eftir. Dagskráin er birt vikulega á Instagram og Facebook-síðu félagsmiðstöðvarinnar.

HINSEGIN FYRIRMYNDIR

Í vetur hófst verkefnið Hinsegin fyrirmyndir og hefur það verið á 1–2 mánaða fresti frá september. Tilgangur verkefnisins var að gefa þátttakendum tækifæri á að hitta sínar fyrirmyndir, heyra sögu annarra hinsegin einstaklinga og fræðast. Verkefnið hófst á vormánuðum 2019 þar sem safnað var saman hugmyndum að einstaklingum sem

þátttakendur töldu vera jákvæða hinsegin fyrirmynd og hófst framkvæmdin í september 2019. Meðal þátttakenda hafa verið Páll Óskar, Guðmundur Kári og Hinseginleikinn.

AÐILD AÐ SAMFÉS

Á aðalfundi Samfés – Samtaka félagsmiðstöðva og Ungmennahúsa á Íslandi, vorið 2019 var samþykkt aðild Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar að samtökunum. Opnaði sú aðild tækifæri á þátttöku í viðburðum á vegum Samfés (sjá nánar á www.samfes.is). Meðal viðburða sem þátttakendur í Hinsegin félagsmiðstöðinni hafa tekið þátt í eru Stíll, þar sem hópurinn hlaut viðurkenningu fyrir bestu förðun og mun hópur frá félagsmiðstöðinni einnig taka þátt í Söngkeppni Samfés fyrir hönd Frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar þann 21. mars næstkomandi.

HINSEGIN BALL

18. febrúar 2020 var í fyrsta skipti haldið Hinsegin Prom sem var haldið að frumkvæði þátttakenda í starfinu. Á ballinu komu fram listamenn úr röðum þátttakenda, Daníel E. Arnarsson söngvari, Páll Óskar og plötusnúðurinn Salka Snæbrá. Ballið þótti heppnast með eindæmum vel og voru 140 einstaklingar sem sóttu ballið. Það var einróma ósk að Hinsegin Prom yrði árlegur viðburður héðan í frá.

Það er ljóst að starf Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar blómstrar með hverjum mánuðinum sem líður og mun vonandi halda áfram að gera um ókomna tíð.

